# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



## Frábært!

**Reykjalundur Plastiðnaður er framsækið plastiðnaðarfyrirtæki með fjölbreytt viðfangsefni. Við framleiðum plaströr og umbúðir auk þess sem við hönnum og sérsmíðum margvíslegar lausnir á stórum jafnt sem smáum hlutum úr plasti fyrir lagna- og matvælaiðnaðinn.**
**Hjá okkur er veigamikil sölustarfsemi á lagnaefni, dælubúnaði, suðuvélum, umbúðum, leiktækjum og byggingavörum.**

**Okkur vantar starfsmann í framleiðslu og einnig á útilager, lyftararéttindi æskileg.**

**Fjölbreytt verkefni í lifandi fyrirtæki - viltu slást í hópinn?**

**Vinsamlegast sendið umsókn á hlodver@rp.is.**

REYKJALUNDUR Plastiðnaður

## Undirleikari óskast:

Æskilegt að viðkomandi geti raddæft.
Æft verður á mánudagskvöldum og einstaka laugardaga.

*Nánari upplýsingar veita*
Gísli í síma 893-4824 og
Jón í síma 892-4559.

**KARLAKÓR SELFOSS**
**Eyravegi 67. 800 Selfoss.**

Reykjavíkurborg

Í auglýsingu sem birt var í Fréttablaðinu þann 24. júní sl. var auglýst starf sviðsstjóra Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar.
Þar sem til skoðunar er að auka verkefni Umhverfissviðs, sem leitt getur til breytinga á hæfniskröfum til umsækjenda, er framangreind auglýsing afturkölluð.

**Borgarstjórinn í Reykjavík.**



Strengthen your business

# Sérfræðingar á sviði Microsoft lausna

## Vegna vaxandi umsvifa og fjölbreyttra framtíðarverkefna leitum við að góðum liðsmönnum

**TM Software** er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með skrifstofur í 4 löndum og um 280 starfsmenn. TM Software er í fremstu röð við þróun hugbúnaðar, ráðgjöf og rekstur upplýsingakerfa og býður fjölbreyttar lausnir í nánu samstarfi við helstu upplýsingatæknifyrirtæki heims.

**TM Software** hefur undanfarin sex ár hlotið viðurkenningu sem eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum Evrópu.

1.
**„Best hannaða veflausn ársins“**
**„Besti íslenski vefurinn“**
**„Besti fyrirtækjavefurinn“**

Nýlega unnu verk okkar til verðlauna fyrir vefsvæði Icelandair árið 2006. Vefsvæðin voru valin í flokknum „Best hannaða veflausn ársins“ á hinni alþjóðlegu ráðstefnu Technology for Marketing & Advertising. Einnig hafa vefsvæðin hlotið verðlaunin sem Samtök vefiðnaðarins og Ímark standa fyrir, „Besti íslenski vefurinn“ og „Besti fyrirtækjavefurinn.“

### Við bjóðum og leggjum áherslu á:

- Frábæran starfsanda og liðsheild
- Góða starfsaðstöðu
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma
- Símenntun í starfi og virka endurmenntunarstefnu
- Fjölbreytt, spennandi og krefjandi verkefni
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar
- Laun og önnur starfskjör eftir samkomulagi
- Gott mötuneyti

Við leitum að einstaklingum í eftirtalin störf:

- **Microsoft CRM**
  Ráðgjöf, greining, aðlögun og uppsetning Microsoft CRM fyrir viðskiptavini.
- **Microsoft SharePoint Server**
  Ráðgjöf, greining, þróun lausna, aðlögun og uppsetning SharePoint fyrir viðskiptavini. Unnið er með Microsoft SharePoint Server MOSS2007.
- **Microsoft Business Intelligence (Viðskiptagreind)**
  Ráðgjöf og greiningu á þörfum viðskiptavina á sviði viðskiptagreindar. Umsjón með innleiðingu og uppsetningu á Microsoft BI greiningartólum.

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
Háskólamenntun á sviði tölvunar-, kerfis-, verk- eða viðskiptafræði eða sambærileg menntun/reynsla. Við leitum að einstaklingum sem vilja takast á við ný og krefjandi verkefni í öflugum og framsæknum hópi.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir og fyrirspurnir.
Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon, starfsmannastjóri **torfi@t.is** eða Stefán Þór Stefánsson, framkvæmdastjóri **sts@t.is.**
Umsóknir með ferilskrá sendist til Torfa Markússonar, starfsmannastjóra, **torfi@t.is fyrir 10. september nk.**

PIPAR • SÍA • 71535

**TM Software**

Holtasmári 1 | 201 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001 | www.tm-software.com

VEGAGERÐIN

# VERKEFNASTJÓRI

Staða verkefnastjóra hjá upplýsingaþróun Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

**Starfssvið**

- Undirbúa nýjan tækjabúnað fyrir uppsetningu t.d. myndavélar, umferðargreina, ferilvöktunarbúnað, veðurskilti og veðurstöðvar
- Prófun á búnaði og bilanagreining
- Fylgjast með virkni tækja og að gögn skili sér í gagnagrunn
- Umsjón með uppsetningu og viðhaldi búnaðar

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í tæknifræði eða verkfræði á veikstraumssviði. Önnur menntun sem nýtist í starfi kemur einnig til greina
- Æskileg reynsla af framangreindum búnaði
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

AIR ATLANTA ICELANDIC

# SOFTWARE DEVELOPER

Air Atlanta is looking for a programmer to lead development of its software systems and to interface with external programming contractors.

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service providers in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry.

Large Market share, strong brand name, impressive customer base and superior know-how are some of our core assets. The solid reputation for supplying quality services is built on a strong base of experience acquired throughout many years in the airline industry.

Air Atlanta Icelandic's position has been established and reinforced to a continuous record of fast, flexible reaction to request.

As a successful applicant you will be a team player with good communications skills. You should have a good mix of programming skills, with a profile similar to the below:

**Education:**

- Degree in Computer Science, Software Engineering, or similar
- MCAP/MCSD is beneficial

**Skills and experience:**

- MS SQL (Integration Services, Reporting Services, TransactSQL)
- Oracle databases (PL SQL)
- Microsoft .net programming (ASP.net, C#)
- SharePoint server
- Cognos (analysis, planning, reporting)

**Job Responsibilities:**

- Development of SharePoint environment (InfoPath, Excel Services, etc.)
- Development of Cognos BI environment
- Maintenance of data warehouse
- Working with external programming contractors

Recruitment is managed by Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) and Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) at Capacent Recruitments. The application deadline is the 2nd of September. Applicants must apply for the job on our website www.capacent.is, and a CV in English must be attached to the application.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

FJÖLMIÐLAVAKTIN EHF.

# NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!

Vegna aukinna verkefna og breytinga á starfsemi óskar Fjölmiðlavaktin eftir að ráða drífandi og dugmikla einstaklinga í neðangreind störf. Greiningar- og sölustjóri tilheyra yfirstjórn Fjölmiðlavaktarinnar.

Atvinnulífið stendur frammi fyrir sívaxandi magni fjölmiðlaefnis sem erfitt er að henda reiður á. Hlutverk Fjölmiðlavaktarinnar er að aðstoða fyrirtæki og einstaklinga við leit og greiningu á þessu efni. Fjölmiðlavaktin safnar saman umfjöllun ljósvaka- og prentmiðla fyrir viðskiptavini sína.

Starfsmenn Fjölmiðlavaktarinnar vinna úr fjölmiðlaefni þær upplýsingar sem viðskiptavinir óska eftir og er þjónustan sérsniðin að þörfum hvers viðskiptavinar. Markhópur viðskiptavina FMV er stór og fjölbreyttur enda Íslendingar þekktir fyrir að hafa mikinn áhuga á fréttum og þeirri þjónustu sem FMV getur veitt. Vinnustaðurinn er mjög skemmtilegur og fyrirtækið sjálft er í mjög örum vexti.

Nánari upplýsingar er að finna á www.fmv.is

## Greiningarstjóri

**Starfið felur í sér** stýringu greiningardeildar Fjölmiðlavaktarinnar og almennri uppbyggingu á rannsóknar- og greiningarafurðum fyrirtækisins. Í þessu fellst m.a. frekari þróun á fjölmiðlagreiningum, auglýsingamælingum, greiningu upplýsinga úr öðrum gagnagrunnum (s.s. viðskiptaupplýsingar, fjölmiðlakannanir), þróun nýs greiningarkerfis fyrir fyrirtækið o.fl.

**Gerð er krafa um** háskólamenntun á sviði tölfræði, aðferðafræði eða sambærilega menntun. Framhaldsmenntun mikill kostur. Reynsla af rannsóknar- og greiningarvinnu, framsetningu upplýsinga og þróunarstarfi sem og vilji til þess að ná árangri er lykilatriði. Reynsla af stjórnun er kostur. Túlkun á niðurstöðum, kunnátta í Excel, gott málfar og framtakssemi eru eiginleikar sem Fjölmiðlavaktin sækist mikið eftir.

## Sölustjóri

**Starfið felur í sér** sölustjórnun á öllum vörum Fjölmiðlavaktarinnar, stýringu á sölusviði fyrirtækisins, uppbyggingu verðlista, gerð áætlana og fleira. Salan beinist bæði að núverandi viðskiptavinum sem og öflun nýrra viðskiptavina. Ráðgjafahluti starfsins felur í sér að viðkomandi aðili þarf að vera leiðbeinandi með það hvers konar þjónusta hentar viðskiptavini, s.s. upplýsandi varðandi fjölda frétta, útfærslu á vöktun sem hentar, túlkun á greiningarniðurstöðum og fleira. Samninga- og tilboðsgerð sem og áætlanagerð er stór hluti af starfinu og er þar lögð áhersla á faglega og skýra uppsetningu. Sölustjóri er í ábyrgð fyrir áætlun hvers mánaðar.

**Gerð er krafa um** háskólamenntun sem nýtist í starfinu. Reynsla af sambærilegu starfi sem og geta til þess að selja og ná árangri í starfi er lykilatriði. Reynsla af stjórnun og markmiðasetningu mikilvæg. Viðkomandi þarf að búa yfir hugmyndauðgi, framtakssemi og brennandi áhuga á viðfangsefninu. Túlkun á niðurstöðum, kunnátta í excel, gott málfar og framtakssemi eru eiginleikar sem Fjölmiðlavaktin sækist mikið eftir. Viðkomandi aðili þarf að hafa góða innsýn og mikinn áhuga á fréttum og þjóðfélagsumræðu.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Framtíðartækifæri fyrir iðnaðarmenn



## Hvað gerir Fjarðaál að góðum vinnustað fyrir metnaðarfulla raf- og véliðnaðarmenn?

### Fjölbreytt tækifæri á spennandi vinnustað

Í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur tæknimenntaðra sérfræðinga. Takmark Fjarðaáls er að verða í fremstu röð á heimsvísu í meðferð og viðhaldi tækja. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækjanna og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra. Iðnaðarmenn vinna í teymum og verkefnin eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

### Góð laun fyrir vaktavinnu eða dagvinnu

Í boði eru vakta- og dagvinnustörf fyrir raf- og véliðnaðarmenn. Góðir möguleikar eru á aukavinnu og viðbótartekjum fyrir þá sem þess óska.

| Laun útlærðra iðnaðarmanna miðað við 15% árangursávinning | Vaktavinna | Dagvinna |
|---|---|---|
| | 15 tólf tíma vaktir í mánuði | 40 stunda vinnuvika |
| Heildarárslaun | 5,4 milljónir kr. | 3,6 milljónir kr. |
| Mánaðarlaun | 450 þúsund kr. | 303 þúsund kr. |
| Meðaltímakaup | 2.500 kr. | 1.700 kr. |

### Öryggi og velferð starfsmanna ávallt í fyrirrúmi

Allt vinnufyrirkomulag miðast við að koma alfarið í veg fyrir vinnutengd slys og óþægindi. Iðjuþjálfi leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn Fjarðaáls hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til læknisþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir íþróttatíma í Fjarðabyggðarhöllinni. Boðið er upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

### Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðlinum fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá flugmiða með Flugfélagi Íslands á hagstæðum kjörum.










ÍSLENSKA SIA.IS ALC 38801 08.2007

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 71000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

www.birtingur.is

SAGAN ÖLL · GOLF BLAÐIÐ · MANNLÍF · Nýtt Líf · Gestgjafinn · HÚS OG HÍBÝLI · ísafold · vikan · SÉÐ OG HEYRT

# HLUTASTARF

**Birtíngur útgáfufélag** leitar að öflugum sölufulltrúum í úthringiverkefni á kvöldin. Starfið er hlutastarf og hentar því einkar vel með skóla.

**Starfslýsing:**
Vinnutíminn er frá 18.00 - 22.00 og reiknað er með að sölufulltrúar vinni 2-5 kvöld í viku eftir hentugleika hvers og eins. Góð vinnuaðstaða og frábærir tekjumöguleikar.

**Nánari upplýsingar** fást hjá Ingu Huld Hermóðsdóttur, starfsmannastjóra í síma **515 5500** eða í tölvupósti **ingahuld@birtingur.is**

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG

# Starf við ferðaþjónustu fatlaðra

**Starfið felst í símamóttöku ferðabeiðna og röðun ferða á þjónustubíla.**

**Vinnutími:** Frá kl. 8:00 til 16:00 virka daga.
**Kröfur:** Færni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki og námkvæm vinnubrögð.
Ferðum er skipað niður með aðstoð sérgerðs tölvukerfis.

Upplýsingar veitir
Halldór Þórhallsson deildarstjóri
í síma 540 2743 / 660 2341,
halldor@straeto.is

**Strætó bs.**

# Hjólbarðaverkstæði

565038
Hjólbarðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða starfsmann í hjólbarðaþjónustu.

- Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-18:00 og annan hvern laugardag frá kl. 09:00-13:00. Yfirvinna er mikil á vorin og haustin.
- Leitað er að þjónustulunduðum, kraftmiklum og vandvirkum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt. Viðkomandi þarf að vera vanur hjólbarðaþjónustu og hafa þekkingu á hjólbarðastærðum. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144

vinna.is atvinnumiðlun



# Sérfræðingur í innri endurskoðun

Óskum eftir að ráða til liðs við okkur kraftmikinn einstakling í endurskoðunardeild Landsbankans. Um er að ræða krefjandi verkefni í alþjóðlegu umhverfi í öflugum hópi sérfræðinga sem vinna að innri endurskoðun bankans og dótturfélaga hans.

**Helstu verkefni:**

- Úttektir sem tengjast virkni innra eftirlits, áhættustýringar og stjórnunaraðferða í fjárfestinga- og viðskiptabankastarfsemi Landsbankans
- Reglubundnar endurskoðanir tengdar erlendum dótturfélögum bankans
- Úttektir á lykileftirlitsþáttum og fjárhagsendurskoðun á samstæðugrundvelli
- Þátttaka í þróun starfsaðferða við innri endurskoðun

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Frumkvæði í starfi, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð almenn tölvuþekking og góðir greiningarhæfileikar
- Færni í meðferð ritaðs máls, jafnt íslensku sem ensku
- Starfsreynsla á sviði endurskoðunar eða af starfi í fjármálafyrirtæki er kostur

Nánari upplýsingar veita Sigurjón G. Geirsson innri endurskoðandi Landsbankans í síma 410 4045 og Bergþóra Sigurðardóttir forstöðumaður á starfsmannasviði í síma 410 7907.

Umsóknir fyllist út og sendist ásamt fylgigögnum á www.landsbanki.is fyrir 6. september nk.

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum. Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Hlutverk endurskoðunardeildar Landsbankans er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu á virkni innra eftirlits, áhættustýringar og stjórnskipulags Landsbankans á samstæðugrunni.

Þar sem við á kemur endurskoðunardeild með ábendingar til stjórnenda bankans um innra eftirlit, áhættustjórnun og stjórnskipulag með það að markmiði að bæta virkni þessara ferla. Starfsemi endurskoðunardeildar Landsbankans nær til allra starfseininga samstæðunnar, þar á meðal innlendra og erlendra útibúa og dótturfélaga. Auk Reykjavíkur eru starfsmenn endurskoðunardeildar Landsbankans staðsettir í London, París og Lúxemborg.

Landsbankinn

ÍSLENSKA/SIA.IS LBI 38741 08/07



# VILTU SKIPTA MÁLI
## OG NJÓTA ÞÍN Í STARFI?

Landsteinar Strengur

Landsteinar Strengur er einn stærsti söluaðili á viðskiptahugbúnaði frá Microsoft Business Solutions á Íslandi og þróunar- og söluaðili á Microsoft sérlausnum á erlendum mörkuðum.

Landsteinar Strengur er í fremstu röð fyrirtækja í heiminum sem framleiða hugbúnaðarlausnir byggðar á Microsoft Dynamics NAV/AX fyrir smásöluverslun og veitingarekstur.

Verslunarkerfið LS Retail er uppsett í 130 löndum, þýtt á 33 tungumál og er dreift um net 75 vottaðra samstarfsaðila í 51 landi.

Við hjá Landsteinum Streng teljum afar mikilvægt að starfið sé fjölskylduvænt og vinnutíminn sveigjanlegur, og höfum einsett okkur að vera vel samkeppnishæft fyrirtæki á markaði - ekki síst hvað varðar launakjör. Við bjóðum reglulega starfsþjálfun, öflugt starfsmannafélag og góða vinnuaðstöðu auk ýmissa fríðinda.

Fyrirtækinu er stjórnað á gegnsæjan hátt, því er starfsfólk hvatt og stutt til að láta rödd sína heyrast því að við teljum mikilvægt að styðjast við skoðanir og viðhorf þess við mótun stefnu og framtíðarsýnar.

**Ef þú vilt starfa í samhentum og öflugum hópi sérfræðinga og ráðgjafa þá hlökkum við til að kynnast þér. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir metnaðarfullum einstaklingum í eftirfarandi stöður:**

### HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGAR

Hugbúnaðarsérfræðingar óskast við ráðgjöf, þarfagreiningu, forritun og innleiðingu á Microsoft Dynamic NAV (Navision), Dynamics AX (Axapta) og Dynamics XAL (Concorde). Einnig vantar til starfa hugbúnaðarsérfræðinga með góða þekkingu í .NET forritunarmálinu.

**Hæfniskröfur:** Gerð er krafa um háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði. Reynsla af viðskiptakerfum er kostur.

### ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Við leitum eftir starfsmönnum í þjónustudeild Landsteina Strengs. Um er að ræða þjónustu og ráðgjöf á viðskiptalausnunum Microsoft Dynamics NAV og Dynamics AX. Einnig óskum við eftir starfsmönnum til að þjónusta og setja upp verslunarlausnir Landsteina Strengs.

**Hæfniskröfur:** Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði viðskipta og reksturs, en einnig kemur til greina að ráða fólk með mikla reynslu á þessu sviði. Áhersla er lögð á víðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja.

### MATRÁÐUR

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu í að framreiða heilsusamlegan hádegismat í fyrirtækismötuneyti.

**Hæfniskröfur:** Æskilegt er að umsækjendur hafi menntun á sviði matreiðslu. Gerð er krafa um reynslu í umsjón mötuneytis.

Landsteinar Strengur hf. leggur áherslu á að ráða hæfasta fólkið til starfa á sínu sviði á hverjum tíma. Það skiptir okkur miklu máli að starfsmenn leggi allan sinn metnað í vel unnið verk, að þeir séu í góðu sambandi við samstarfsfólk, beri út jákvæða ímynd fyrirtækisins og njóti sín í starfi. Aðrir eiginleikar sem við leitum eftir eru skipulagshæfileikar, rík þjónustulund, nákvæmni, frumkvæði, agi til þess að vinna undir verklagsreglum og vilji til sjálfstæðra vinnubragða.

**Umsóknir óskast sendar á netfangið atvinna@LS.is eða í pósti. Umsóknarfrestur er til 25. september nk. Allar upplýsingar um ofangreindar stöður veitir Sigurður Ari Sigurjónsson í síma 550 9000.**

**Viðurkenningar**:

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

VOTTUN HF IST ISO 9001

Landsteinar Strengur hf.
Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000
Fax 550 9010
www.LS.is · LS@LS.is

## Nám í **rafveituvirkjun**

Iðnskólinn í Reykjavík í samvinnu við Samorku bjóða upp á nám í fagáföngum rafveituvirkja. Nú er tækifæri til að ljúka náminu. Kennt verður samkvæmt námskrá rafveituvirkja frá 1994. Hefja á kennslu um miðjan september n.k með lotutengdu fyrirkomulagi.

**Fagáfangar verða kenndir sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| SEPTEMBER | Efnisfræði **EFR202** |
| OKTÓBER | Vinnuvernd og öryggisfræði **VVÖ102** |
| NÓVEMBER | Rafveitudreifikerfi **RVK103** |
| JANÚAR | Rafveitudreifikerfi **RVK203** |
| FEBRÚAR | Teikningar og skýrslur **TES102** |
| MARS | Varnarbúnaður og mælingar **VAM102** |
| APRÍL | Burður og verkfæri **BUR102** |

Nánari upplýsingar um tímasetningar verða kynntar í upphafi kennslu.
Innritun fer fram hjá Iðnskólanum í Reykjavík og stendur fram til 7. september 2007.

SAMORKA

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

# Yfirvélstjóri

**Yfirvélstjóra vantar á línuskipið Jóhönnu Gísladóttir ÍS-7**

upplýsingar í síma 8521852 og 420-5700 eftir kl 13.00.

Vísir hf Grindavík.

**SECURITY GUARD**

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard in the Security Section. The closing date for this postion is September 09, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

# Uppsteypa

Vegna aukinna verkefna
óskar Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf eftir smiðum vönum uppsteypu.
Mikil mælingavinna framundan. Nánari upplýsingar í síma 562-2991.
Einnig er hægt að senda umsókn á gudjon@bygg.is og gunnar@bygg.is.



BYGG

**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.**
Borgartún 31. 105. Reykjavík.

**www.bygg.is**

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*




Starfið er krefjandi og skemmtilegt sölustarf á skemmtilegum vinnustað. Í herradeild er um fullt starf að ræða og hlutastörf í öðrum deildum.

Starfsmenn eru ábyrgir fyrir að sýna fagmennsku í sölu, ráðgjöf og þjónustu. Starfsmenn taka virkan þátt í verkefnum er snúa að útliti verslunar, framsetningu vöru og vörumeðhöndlun almennt.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af sambærilegu sölu- og þjónustustarfi æskileg

**Við leitum að árangursdrifnum og metnaðarfullum einstaklingum með ríka þjónustugleði, jákvæð viðhorf og afburða hæfni í mannlegum samskiptum. Við leggjum áherslu á frumkvæði og hæfni til að axla ábyrgð og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Skipuleg og vönduð vinnubrögð eru mikilvæg til árangurs. Aldurstakmark 20 ára**

**Umsóknir með ferilskrá sendist á umsokn@next.is**
**Umsóknarfrestur til og með 1. september 2007**

NEXT



ICEBANK

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi fyrir sparisjóði, innlend sem erlend fjármálafyrirtæki og aðra stærri aðila. Bankinn starfar á sviði erlendra viðskipta, greiðslumiðlunar, fjárstýringar og fjármögnunar í því skyni að veita afmörkuðum hópi innlendra og erlendra viðskiptavina framúrskarandi þjónustu. Með sérhæfingu að leiðarljósi byggir bankinn upp samkeppnishæfa og arðsama starfsemi.

Mótuð hefur verið ný framtíðarsýn fyrir bankann til næstu fimm ára. Sú sýn felur í sér nýjar áherslur og gildi, metnaðarfull markmið og breytingu á eignarhaldi.

**Icebank leitar að öflugum sérfræðingum með brennandi áhuga á fjármálamarkaði til að ganga til liðs við vaskan hóp karla og kvenna í fjárstýringu bankans. Um er að ræða störf sem reyna á frumkvæði, áræði og snerpu þeirra sem veljast til starfsins, enda eru verkefnin mörg og krefjandi.**

## Sérfræðingur á millibankaborði

**Helstu verkefni:**

- Dagleg lausafjárstýring bankans
- Umsjón með viðskiptum á millibankamarkaði með íslenskar krónur
- Stýring á gjaldeyrisjöfnuði og framkvæmd gjaldeyrisviðskipta
- Önnur tilfallandi verkefni á millibankaborði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði, meistarapróf æskilegt
- Reynsla af hliðstæðum verkefnum á fjármálamarkaði æskileg

## Sérfræðingur í eigin viðskiptum

**Helstu verkefni:**

- Stöðutaka í hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum fjármálaafurðum fyrir eigin reikning bankans
- Greining fjárfestingartækifæra
- Önnur tilfallandi verkefni innan eigin viðskipta

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði, meistarapróf æskilegt
- Reynsla af hliðstæðum verkefnum á fjármálamarkaði æskileg

## Sérfræðingur í gjaldeyris- og afleiðumiðlun

**Helstu verkefni:**

- Miðlun
- Greining fjárfestingartækifæra
- Samskipti við fagfjárfesta
- Önnur tilfallandi verkefni á söluborði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði, meistarapróf æskilegt
- Reynsla af hliðstæðum verkefnum á fjármálamarkaði æskileg

Góð greiningarhæfni, færni í samskiptum, frumkvæði, áræði, snerpa og geta til að vinna undir álagi og með öðrum eru eiginleikar sem við metum mikils.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Agnar Hansson, framkvæmdastjóri fjárstýringar, í síma 540 4140 eða tölvupósti, agnar@icebank.is.

Icebank leitast við að jafna hlut kynjanna í störfum innan bankans. Öll ofangreind störf henta bæði konum og körlum.

Umsóknir sendist til Ernu Arnardóttur, mannauðsstjóra Icebank, erna@icebank.is. Umsóknarfrestur er til 2. september 2007. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað.

H2 hönnun

# DISTICA

– markviss dreifing –

*Distica hf. sérhæfir sig í innflutningi, vörustjórnun og dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, dýraheilbrigðisvörum sem og vörum fyrir heilbrigðisstofnanir og rannsóknarstofur. Fyrirtækið byggir á 50 ára reynslu í starfsemi sinni og eru starfsmenn þess rúmlega 50 talsins.*

## *Vilt þú slást í hópinn?*

## *Deildarstjóri viðskiptaþjónustu*

Deildarstjóri viðskiptaþjónustu hefur umsjón með pantanamóttöku Distica þar sem starfa þrír starfsmenn auk deildarstjóra. Meðal verkefna deildarstjóra má nefna umsjón með samskiptum við viðskiptamenn, gerð samninga og samræmingu á verkþáttum milli deilda fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun
- Þekking á markaðsfræði og þjónustustjórnun
- Innsýn í vörustjórnun og starfsemi vöruhúsa
- Reynsla af verkefnastýringu
- Hæfni til skipulags og samræmingar
- Stjórnunarhæfni
- Rík þjónustulund
- Mjög góðir samskiptahæfileikar

## *Verkstjóri í vöruhúsi*

Starfið felst í umsjón með starfsemi vöruhúss fyrir aðrar vörur en lyf.

Verkstjóri er ábyrgur fyrir allri starfsemi vöruhússins, þ.e. vörumóttöku, lagerhaldi, samantekt vöru, afgreiðslu, frágangi pantana, og gengur í öll tilfallandi störf. Í vöruhúsinu munu starfa 2-3 starfsmenn auk verkstjóra og ber hann stjórnunarlega ábyrgð gagnvart þeim. Að auki skal verkstjóri annast samantekt á mælikvörðum á umfangi starfseminnar og skilvirkni.

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og stjórnunarhæfni
- Mjög góðir skipulagshæfileikar
- Reynsla af starfsemi vöruhúsa

## *Starfsmaður á afgreiðslulager*

Helstu verkefni eru vinna við vörumóttöku og samantekt og frágang pantana.
Vinnutími er að jafnaði 8-17 eða 10-19.

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn tölvukunnátta
- Samviskusemi
- Vandvirkni og öguð vinnubrögð
- Vilji til að læra og vinna sjálfstætt
- Sveigjanleiki og þjónustulipurð
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur
- Lyftarapróf er kostur

***Nánari upplýsingar veitir Vilborg Gunnarsdóttir (vilborg@distica.is).***
***Umsóknarfrestur er til 3. september nk. Umsóknum skal skilað á netfangið starf@distica.is eða til Distica hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.***
***Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.***




*Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 412 7500, www.distica.is*

## Snyrtistofan Garðatorgi

Óskar eftir að ráða snyrtifræðing og einnig vanann naglafræðing, vinnutími eftir samkomulagi.

Áhugasamir hafi samband við ernagislad@simnet.is

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

## Vilt þú vinna með okkur?

**Eftirtaldir leikskólar óska eftir yfirmönnum í eldhús:**
Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380
Engjaborg, Reyrengi 11, sími 587-9130
Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- nám á sviði matreiðslu
- reynsla af vinnu við matreiðslu æskileg
- þekking og reynsla af verkstjórn æskileg
- þekking á rekstri eldhúsa æskileg
- færni í mannlegum samskiptum
- góð íslenskukunnátta
- skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og áreiðanleiki í starfi

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Sérkennsluráðgjafi

### Staða sérkennsluráðgjafa fyrir grunnskóla er laus til umsóknar.

Um er að ræða stöðu er varðar þjónustu, stjórnun og ráðgjöf við skólastjórnendur og annað starfsfólk sérdeilda/sérkennslu við grunnskóla auk samstarfs við foreldra nemenda.

**Meginverkefni sérkennsluráðgjafa**
- Umsjón með sérkennslumálefnum
- Ráðgjöf í sérkennslu til starfsfólks grunnskóla
- Samstarf við skólastjórnendur og starfsfólk sem annast sérkennslu
- Stjórnun á þróun sérkennslumálefna í Hafnarfirði, þ.m.t. málefnum nýbúa
- Samstarf við aðrar stofnanir er fjalla um málefni barna og unglinga s.s. Félagsþjónustu, Heilsugæslu o.fl.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Sérkennaramenntun og reynsla af sérkennslu
- Framhaldsmenntun á sviði sérkennslufræða eða sambærileg menntun sem nýtist í þessu starfi æskileg
- Góð samskiptahæfni og færni til teymisvinnu.
- Skipulagshæfileikar og almennt góð tölvufærni.
- Góð tungumálafærni í ensku og einu norrænu tungumáli

Sérkennsluráðgjafinn kemur til starfa í samhentan hóp starfsmanna á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sem sinna stuðningi við skólastarf í leik- og grunnskólum þar sem margvíslegt, öflugt þróunarstarf er í gangi og í stöðugri þróun.

Umsóknarfrestur er framlengdur til 31. ágúst nk. og skal skila umsóknum til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31 í Hafnarfirði eða til magnusb@hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar um starfið veitaVigfús Hallgrímsson (grunnskólar - vigfus@hafnarfjordur.is) og Magnús Baldursson (magnusb@hafnarfjordur.is) í síma 585 5800.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**



# Sölustjóri óskast

Atlantsolía var stofnuð árið 2002 og hóf að selja bensín 8. janúar 2004. Fyrirtækið rekur 10 bensínstöðvar ásamt því að veita verktökum og skipaútgerðum þjónustu í formi eldsneytis. Hjá fyrirtækinu starfa 20 manns.

Fyrirtækið leitar að metnaðarfullum og kröftugum aðila til að taka þátt í uppbyggingu á ört vaxandi fyrirtæki.

**Í starfinu felst:**

- Sala, ráðgjöf og tilboðsgerð til fyrirtækja
- Eftirfylgni heimsókna

**Hæfniskröfur:**

- Frumkvæði og metnaður til árangurs
- Jákvætt viðmót, þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samkiptum.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku og reynslu af sölustörfum til fyrirtækja. Háskólamenntun er kostur.

Umsóknir sendist til Alberts Þórs Magnússonar, framkvæmdastjóra, albert@atlantsolia.is fyrir föstudaginn **7. september**. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
*Atlantsolía er reyklaus vinnustaður.*

PIPAR • SÍA

ATLANTSOLIA

**Atlantsolía** Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfirði / Sími 591 3100 / atlantsolia@atlantsolia.is / www.atlantsolia.is





**Fyrir alla**

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

**www.husa.is**

# Spennandi framtíðarstörf

## Pípulagnaverslunin Skútuvogi

## Viljum ráða áhugasama sölu- og afgreiðslumenn í pípulagnaverslun okkar Skútuvogi

## Um starfið:

- Starfið felst í sölu, ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini
- Menntun eða einhver reynsla af pípulögnum æskileg
- Reynsla úr sambærilegu starfi kostur

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, **atvinna@husa.is**, fyrir 01. sept n.k. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is.**

HÚSASMIÐJAN




## Við leitum að starfsmönnum til starfa í **Reykjavík, á Austurlandi og Selfossi**

VGK-Hönnun leggur áherslu á vellíðan starfsmanna, að búa þeim aðstöðu eins og hún gerist best, að stuðla að því að starfsmenn nýti sem best hæfileika sína til þess að takast á við ný og krefjandi verkefni og efla hæfni þeirra með þjálfun og endurmenntun.

**Starfssvið:**

Byggingar:
Hönnun og eftirlit á sviði burðarþols, lagna og loftræstikerfa.
Verkefnastjórnun.

Samgöngur og veitur:
Gatnahönnun.
Hönnun veitukerfa.

Innkaupastjórnun:
Samskipti við Orkuveituna og eftirlitsmenn.
Gerð útboðsgagna og innkaupsbeiðna.
Yfirsýn yfir innkaup og birgðahald.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

Háskólapróf á sviði verk- eða tæknifræði
Góðir samskiptahæfileikar
Frumkvæði og sjálfstæði

**Upplýsingar:**

Nánari upplýsingar veitir Dría Sigurðardóttir, starfsmannastjóri, í síma 422-3338.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu VGK-Hönnunar, www.vgkhonnun.is.

ISO 9001 · VR 2007

VGK HÖNNUN

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *VGK-Hönnun Reykjavík* | *VGK-Hönnun Reykjavík* | *VGK-Hönnun Akranesi* | *VGK-Hönnun Akureyri* | *VGK-Hönnun Egilsstöðum* | *VGK-Hönnun Reyðarfirði* | *VGK-Hönnun Kirkjubæjarklaustri* | *VGK-Hönnun Selfossi* |
| Grensásvegi 1 | Laugavegi 178 | Garðabraut 2A | Strandgötu 29 | Miðvangi 2-4 | Hafnargötu 2 | Klausturvegi 15 | Eyrarvegi 29 |
| 105 Reykjavík | 108 Reykjavík | 300 Akranesi | 600 Akreyri | 700 Egilsstöðum | 730 Reyðarfirði | 880 Kirkjubæjarklaustri | 800 Selfossi |
| Sími: 422 3000 | Sími: 422 3000 | Sími: 430 4050 | Sími: 464 7500 | Sími: 470 4050 | Sími: 470 4000 | Sími: 487 4840 | Sími: 480 4200 |

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

## Verkefnastjórar og forritarar í upplýsingatækni

**Upplýsingatækni Tryggingastofnunar (TR) leitar að drífandi og reyndum verkefnastjórum og forriturum. Lögð er áhersla á færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.**

**Í boði eru samkeppnishæf laun fyrir rétta aðila, gott starfsumhverfi, góður starfsandi og möguleiki á virkri endurmenntun. Framundan eru mörg spennandi og fjölbreytt verkefni með aukinni áherslu á rafræna stjórnsýslu.**

**Hjá Upplýsingatækni TR starfa um 15 manns. Megin áhersluatriði í stefnu TR í upplýsingatækni er að byggja upp heildstæð og samþætt upplýsingakerfi sem styðja vel við margþætta starfsemi TR með hagræðingu og aukna þjónustu við viðskiptavini að leiðarljósi. Hugbúnaðarkerfi TR eru með þeim stærri og viðameiri á landinu.**

**Verkefnastjórar**
Umsjón með nýsmíði, greiningu og þróun á upplýsingakerfum, eftirlit með framvindu verkefna, samskipti við þjónustuaðila og notendur, ráðgjöf, áætlanagerð og önnur tilfallandi verkefni á upplýsingatæknisviði.

**Menntunar- og hæfniskröfur verkefnastjóra:**
- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun eða þekking og starfsreynsla sem nýtist vel í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og sjálfstæðum verkefnum æskileg
- Gott vald á mæltu og rituðu máli

**Forritarar**
Forritarar vinna að nýsmíði og þróun upplýsingakerfa. Þeir vinna náið með öðrum forriturum, verkefnastjórum og notendum við greiningu, hönnun og útfærslu kerfa.

**Menntunar- og hæfniskröfur forritari:**
- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af hugbúnaðargerð æskileg
- Þekking og reynsla í forritun
- Þekking og reynsla í vefforritun s.s. ASP.Net er kostur
- Þekking og reynsla í gagnagrunnum s.s. Oracle er kostur

Nánari upplýsingar veitir Þórólfur Rúnar Þórólfsson deildarstjóri hugbúnaðardeildar, tölvupóstfang thorolfur.thorolfsson@tr.is.

Vinsamlegast sendið umsóknir og starfsferilsskrár rafrænt eða í pósti til starfsmannaþjónustu Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Reykjavík, tölvupóstfang gudjonsk@tr.is. Umsóknarfrestur er til 9. september. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Stefna Tryggingastofnunar er að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og greiða réttar tryggingabætur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til viðskiptavina og annast eftirlit með málefnum sem TR eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt.**

Vélaborg ehf.

## Þjónustumenn fyrir vinnuvélar, vörubíla og lyftara

Vegna aukinna umsvifa er Vélaborg að leita að starfsmönnum í eftirfarandi störf:

- **Vélvirkja eða vönum manni í vinnuvélaviðgerðum.**
- **Rafvirkja, rafeindavirkja eða vönum manni í lyftaraviðgerðum.**
- **Bifvélavirkja eða vönum manni í vörubílaviðgerðum.**

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu í viðgerðum á vinnuvélum, landbúnaðarvélum og/eða lyfturum og geti unnið sjálfstætt. Enskukunnátta og tölvukunnátta æskileg. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi bílpróf.

Vélaborg leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Liður í því er að þjálfa starfsmenn þjónustudeildar með námskeiðahaldi og menntun hjá erlendum birgjum félagsins.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í vélainnflutningi og þjónustu við bændur, verktaka og flutningsaðila. Hjá fyrirtækinu starfa á sjötta tug manna, þar af 17 á þjónustuverkstæði.

**Vélaborg er með umboð fyrir:**
- Case og Bobcat vinnuvélar
- Jungheinrich og Kalmar lyftara
- Daf vöru- og flutningabíla
- John Deere dráttarvélar og smávélar
- Lely mjaltaþjóna og landbúnaðarvélar

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: **gunnarm@velaborg.is** innan viku frá birtingu auglýsingar.

## SKÓLAMÖTUNEYTI.

Skólamatur ehf. auglýsir eftir starfsfólki í skólamötuneytum í Kópavogi.
Fjölskylduvænn vinnutími.

Nánari upplýsingar í síma 421-7547

SENDIBÍLASTÖÐ 557 90 90 KÓPAVOGS

**Vegna mikilla umsvifa óskar Sendibílastöð Kópavogs eftir röskum og krafmiklum bílstjórum á eigin bílum, bæði litlum og stórum bílum.**

Allar nánari upplýsingar veitir Örn Steinar Arnarson í síma 892-1880.

## BLAÐAMAÐUR

Birtingur útgáfufélag óskar eftir hugmyndaríkum og ritfærum blaðamanni.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af blaðamennsku og fjölmiðlamenntun er kostur.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar** fást hjá **Ingu Huld Hermóðsdóttur** starfsmannastjóra í síma **515 5500** eða í tölvupósti **ingahuld@birtingur.is**

SAGAN ÖLL · HÚS OG HÍBÝLI · Vikan · GOLF BLAÐIÐ · Nýtt Líf · SÉÐ OG HEYRT · MANNLÍF · Ísafold · Gestgjafinn

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG

MJÓLKURSAMSALAN

### Við leitum að dugmiklu og drífandi starfsfólki !

Mjólkursamsalan ehf. leitar að dugmiklum og drífandi starfsmanni í sölumennsku og áfyllingar.

Starfið felst í röðun á vöruflokkum MS í verslunum auk annarra tilfallandi sölutengdra verkefna.

Áhersla er lögð á frumkvæði, áreiðanleika og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni.

Í boði er starf hjá traustu fyrirtæki í góðu umhverfi.

Nánari upplýsingar veitir sölustjóri í síma 569-2273. Umsóknir berist til starfsmannasviðs MS , Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið starfsmannasvid@ms.is í síðasta lagi 3. september n.k.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Starfsmaður óskast

Ferskar Kjötvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni til að hafa umsjón með kjötborði okkar í Hagkaup
Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

Kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA



# Fjármál!

## Fjármálastjóri Marel ehf

Marel ehf. óskar eftir að ráða fjármálastjóra félagsins í fjölbreytilegt, spennandi en jafnframt krefjandi starf til að bera ábyrgð á fjárreiðum Marel ehf.

**Viðkomandi mun bera ábyrgð á:**

- að fjárhagsbókhald félagsins sé í samræmi við góða bókhaldsvenju
- að sjá um mánaðarleg uppgjör félagsins og skil til móður-fyrirtækisins, Marel Food Systems hf
- að fylgja eftir að veltufjárbinding sé lágmörkuð þannig að markmið innheimtu náist, bestu greiðslukjör fáist og að veltuhraði birgða sé hámarkaður
- að gera fjárhagsáætlanir fyrir Marel ehf. í samstarfi við stjórnendur félagsins
- að sjá um hagtölugerð, þ.m.t. skil á mánaðarlegum upplýsingum um fjárhag
- rekstri húsnæðisins og umsjón með starfsmannamálum fjármáladeildar, um 20 manns

**Menntunar - og hæfniskröfur:**

- menntun á sviði fjármála, s.s. viðskiptafræði
- reynsla af gerð fjárhagsáætlana, uppgjöri og tengdum atriðum
- reynsla af mannaforráðum
- nákvæmni og geta til að vinna undir álagi
- lipurð í samskiptum og gott sjálfstraust

## Samstæðureikningsskil

Starfsmaður óskast til starfa við fjölbreytilegt og krefjandi starf við samstæðureikningsskil Marel Food Systems. Starfið krefst mikilla samskipta við dótturfélög sem eru víðs vegar um heiminn.

**Viðkomandi mun:**

- vinna við uppgjör móðurfélags
- vinna við krefjandi samstæðureikningsskil
- vinna við greiningar og árangursmat
- taka þátt í innleiðingu á nýju uppgjörskerfi samstæðunnar
- taka þátt í innleiðingu bókhaldskerfa hjá dótturfélögum

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- vera endurskoðandi eða hafa reynslu af störfum á endurskoðunarskrifstofu
- hafa mikla reynslu af uppgjörsstörfum og er reynsla af samstæðu-uppgjörum kostur

***Umsóknarfrestur er til 5. september nk**. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu Marel: www.marel.is. Nánari upplýsingar um starf fjármálastjóra veitir Kristján Þorsteinsson, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 8000, kth@marel.is. Nánari upplýsingar um starf við samstæðureikningsskil veitir Guðríður Kristófersdóttir, forstöðumaður reikningshalds, sími 563 8000, gudridur@marel.is.*

**Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi**

RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel food systems

# Laus störf á Egilsstöðum

www.malarvinnslan.is

### Á skrifstofu

**Launafulltrúi**
- Starfsmannaskráning, tímaskráning og úrvinnsla tímaskráninga frá verkbókhaldi
- Launavinnsla, afstemming launa og launatengdra gjalda
- Ýmis tölfræðileg úrvinnsla

Hæfniskröfur:
- Reynsla af launaútreikningum og þekking á kjarasamningum skilyrði
- Mikill kostur ef viðkomandi hefur unnið með Navision
- Sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum

Hjá Malarvinnslunni eru yfir 100 starfsmenn á launaskrá.

**Gjaldkeri- og önnur skrifstofustörf**
- Færa stakar greiðslur í Navision. Greiðslur og frágangur í greiðslumöppu
- Skrá flutninga. Sjá um sementsnótur. Afstemmingar við afreikninga
- Símsvörun og upplýsingagjöf
- Fara á pósthús, taka upp póst og ganga frá. Undirbúa greiðslubunka
- Versla inn fyrir skrifstofuna
- Starfsmaður Starfsmannafélagsins

Hæfniskröfur:
- Reynsla af skrifstofustörfum og símaþjónustu

**Innheimta**
- Sjá um innheimtumál fyrirtækisins

Hæfniskröfur:
- Framúrskarandi í mannlegum samskiptum
- Þekking á innheimtu og reynsla af bókhaldi í Navision æskileg

**Upplýsingar veitir Ragnheiður í síma 470 1520.**

**Smiðir - Byggingarvinna**
Vantar vana smiði í bygginguna við Miðvang 6
Upplýsingar veitir Guðmundur Snorrason í síma 470 1503.
Einnig vantar okkur verkamenn í Einingaverksmiðjuna.
Upplýsingar veitir Magnús í síma 470 1504.

**Vélamenn**
Vantar vana vinnuvélastjórnendur á gröfur
Upplýsingar veitir Guðmundur Bjarni í síma 470 1516.

**Bifvélavirkja**
Vantar bifvélavirkja á vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið Miðási 37
Upplýsingar veitir Halldór í síma 470 1506.

*Malarvinnslan er alhliða verktakafyrirtæki með áherslu á malbikun, klæðningu og framleiðslu eininga fyrir iðnaðar- og íbúðarhúsnæði.*

MALARVINNSLAN
Sími 470 1500
Miðási 11, 700 Egilsstöðum

---

ÍSFELL ísnet HAFNARFJÖRÐUR

## Starfsmaður á netaverkstæði

**Ísfell ehf.** rekur alhliða veiðarfæraþjónustu með útgerðar-, rekstrar- og björgunarvörur ásamt rekstri netaverkstæða. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.isfell.is

**Starfsstöðin Ísnet Hafnarfjörður að Óseyrarbraut**
Óskar eftir starfsmanni vönum almennri netagerð og víravinnu.

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 7.september næstkomandi

Umsóknir óskast sendar á netfangið oddgeir@isfell.is eða hafa samband við Oddgeir Oddgeirsson rekstrarstjóra í s. 5 200 545 / 660 8848.

---

KÓPAVOGSBÆR

## Frá Sundlaug Kópavogs

- **Konur og karlar** óskast til starfa við laugar- og baðvörslu og í afgreiðslu við Sundlaug Kópavogs.
  Um er að ræða vaktavinnu.
  Lágmarksaldur er 20 ár.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og SfK.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður Vildís Guðmundsdóttir í síma 5700 470, netfang ***vildis@kopavogur.is***

***www.kopavogur.is - www.job.is***

---




# TOYOTA Í KÓPAVOGI

## óskar að ráða starfsmann við varahluti á verkstæði

**Starfssvið:**
- Afgreiðsla varahluta til verkstæða

**Hæfniskröfur:**
- Þekking á bílum æskileg
- Vandvirkni og nákvæmni

**Vinnutími:** 09:00 – 17:00

Toyota í Kópavogi leitar eftir einstaklingi sem er metnaðargjarn, samviskusamur og jákvæður, með ríka þjónustulund og lipur í mannlegum samskiptum. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Áhugasamir sendi umsókn á atvinna@toyota.is ásamt ferilskrá, merkt viðkomandi starfi. Umsóknarfrestur er til 3. september. Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir í síma 570 5070 eða á netfanginu fanny@toyota.is

Toyota Kópavogi er innflytjandi Toyota bifreiða, vara- og aukahluta. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota á Íslandi. Hverri áskorun er tekið fagnandi hendi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 38779 08/07

www.toyota.is

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogur
Sími: 570-5070

---

SELJASKÓLI

## *Í Seljaskóla eru eftirtalin störf laus til umsóknar:*

- umsjónakennari á yngsta stigi
- umsjónakennari á miðstigi
- skólaliði

Seljaskóli er heildstæður skóli með áherslu á á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og teymisvinnu kennara. Í skólastarfinu er stuðlað er að vellíðan nemenda og starfsmanna. Markvisst er unnið að því að styrkja jákvæða hegðun nemenda og skólinn er Olweusarskóli gegn einelti. Einkunnarorð skólans eru: *Samvinna-ábyrgð-traust og tillitssemi.*

---

# VILTU NJÓTA ÞÍN TIL FULLS?

Við leitum af dugmiklum, jákvæðum og sjálfstæðum einstaklingum til að sjá um ákveðin merki í verslun okkar. Um er að ræða spennandi framtíðarstarf sem felst í sölumennsku og framsetningu á vörum ásamt þjónustu við viðskiptavini. Stundvísi skilyrði. Aldur er afstætt hugtak. Hugarfarið er það sem máli skiptir!

Ef þú telur þig uppfylla það sem við leitum af þá hvetjum við þig til að fylla út umsókn hjá okkur eða að hafa samband við verslunarstjóra í síma 522 8012 eða lilja@debenhams.is

DEBENHAMS
SMÁRALIND

---

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# KÓPAVOGSBÆR

## Frá Hörðuvallaskóla

**Óskum eftir að ráða**
- **umsjónarkennara á yngsta stigi 100% störf**
- **starfsmenn í Dægradvöl 50% störf**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar gefur skólastjóri Helgi Halldórsson í síma 570 4950 eða 868 4239, einnig á ***helgihall@kopavogur.is***

Hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um störfin.

***www.kopavogur.is - www.job.is***

# Rekstrarstjóri á kaffihús Jóa Fel í Smáralind

Óskum eftir rekstrarstjóra á kaffihús **Jóa Fel** í Smáralind, fyrir 31. ágúst.

Viðkomandi þarf að sjá um vaktaskipun, starfsmannaráðningar, uppgjör, innkaup og allan daglegan rekstur á kaffihúsinu og í bakaríinu.

Æskilegt að viðkomandi sé ekki yngri en 25 ára og hafi starfsreynslu úr bakarí eða kaffihúsi.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum á **joifel@joifel.is** eða hafið samband við Unni í síma **893 0076**.

Jói Fel



Kleppsvegi 152
sími 588 8998
Smáralind
sími 554 4544
www.joifel.is



## Deildarstjóri í nýrri Blómavalsverslun

# á Egilsstöðum

**Leitum að deildarstjóra til starfa í nýrri verslun sem opnuð verður á Egilsstöðum í haust**

**Hæfniskröfur:**

Menntun sem blómaskreytir nauðsynleg eða góð reynsla
Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
Tölvukunnátta væri kostur

**Starfssvið:**

Dagleg umsjón með deildinni
Skipulagning á vinnutíma starfsmanna
Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
Pantanir á vörum
Önnur störf

Blómaval er hluti af fyrirtækjasamsteypu Húsamiðjunnar og tekur starfsfólk þess virkan þátt í öflugu starfi samsteypunnar.

Nánari upplýsingar gefur Þorsteinn Óli í síma 660 3066, thorsts@husa.is. **Umsóknir berist til Guðrúnar Kristinsdóttur, atvinna@husa.is.** Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu eða í verslunum okkar. Hægt er að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, **www.husa.is**

**Umsóknarfrestur er til 31. ágúst og öllum umsóknum verður svarað.**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



# Vantar hressa og hrausta einstaklinga

**Lítill heimur – hugsum stórt**

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.
Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu.

- 14.500 starfsmenn
- 280 skrifstofur í yfir 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 180 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.



Himinn og haf / SÍA / 9071054

Eimskip leitar að duglegum, jákvæðum og stundvísum einstaklingum til framtíðarstarfa í dreifingarmiðstöð og vörudreifingu Eimskips í Reykjavík. Við bjóðum fjölbreytt verkefni hjá traustu fyrirtæki og hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

**STARFSFÓLK Í NÆTURVINNU**

Flokkun á vörum í vöruhúsi.
- Viðkomandi þarf að vera nákvæmur og sýna ábyrgð í starfi
- Íslenskukunnátta skilyrði

Vinnutími frá sunnudegi til föstudags, kl. 24.00–08.00.
Frí þriðju hverja helgi – frá föstudagsmorgni til mánudagskvölds.

**STARFSFÓLK Í DAGVINNU**

Starf við móttöku og afgreiðslu í vöruhúsi.
- Íslenskukunnátta skilyrði og/eða góð enskukunnátta
- Lyftararéttindi æskileg en ekki skilyrði

Eimskip greiðir kostnað við próf vegna lyftararéttinda.
Vinnutími mánudaga til fimmtudaga kl. 08.00–17.00 og föstudaga 08.00–16.00.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Guðmundsson, msg@eimskip.is, sími 825 7771.

**STARFSFÓLK Í VÖRUDREIFINGU**

Útkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu.
Skilyrði er að viðkomandi sé með meirapróf.
Íslenskukunnátta skilyrði og/eða góð enskukunnátta.
Vinnutími kl. 07.00–15.00 og 14.00–22.00, virka daga.

Nánari upplýsingar um störf í vörudreifingu veitir Róbert Valtýsson, rva@eimskip.is, sími 825 7707.

Umsjón með ráðningunum hefur María Jóhannsdóttir, mjh@eimskip.is, sími 525 7763.
Umsækjendur verða að vera orðnir 18 ára og með hreint sakavottorð.
Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar, www.eimskip.is.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 www.eimskip.is

EIMSKIP

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



# Skapandi störf með skapandi fólki

**Leitað er eftir:**
- Leikskólakennurum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

**Deildarstjórar**
Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
Foldaborg, Frostafold 33, sími 567-3138
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185/693-9838
Seljaborg, Tunguseli 2, sími 557-6680
Steinahlíð, v/Suðurlandsbraut, sími 553-3280
Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085/693-9858
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**
Álftaborg, Safamýri 32, sími 581-2488
Bakkaborg, Blöndubakka 2, 557-1240
Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380
Dvergasteinn, Seljavegi 12, sími 551-6312
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515,
Foldaborg, Frostafold 33, sími 567-3138
Geislabaugur, Kristinbraut 26, sími 517-2560
Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455
Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-7275
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870
Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099
Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 5970
Kvistaborg, Kvistalandi 26, sími 553-0311
Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199
Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Reynisholt, Gvendargeisli 13, sími 517-5560
Sólhlíð, v/Engihlíð 6-8, sími 551-4870
Steinahlíð, v/Suðurlandsbraut, sími 553-3280
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

**Sérkennsla**
Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380
Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455. Um er að ræða 50 og 75% stöður.
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
Jörfi, Hæðargarði 27 a, sími 553-0347
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

**Aðstoðarmaður í eldhús**
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515. Vinnutími er frá 7.45-13.15.
Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125. Um er að ræða 30-40% stöðu.

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000. Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.




**Lítill heimur – hugsum stórt**

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.
Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu.

- 14.500 starfsmenn
- 280 skrifstofur í yfir 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 180 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.



Eimskip óskar eftir að ráða bifvélavirkja, vélvirkja eða vana viðgerðarmenn til framtíðarstarfa í vélsmiðju fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

HÆFNISKRÖFUR
- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða vélvirkjun eða reynsla af sambærilegum störfum
- Reynsla af viðgerðum á lyfturum eða vinnuvélum er æskileg
- Íslenskukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð þjónustulund og jákvæðni
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi
- Hreint sakavottorð

Umsjón með ráðningunni hefur Heiðrún Helgadóttir, starfsþróunarsviði Eimskips, í síma 525 7363. Netfang: hhd@eimskip.is.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar, www.eimskip.is. **Umsóknarfrestur er til og með 4. september 2007.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Alexandersson, verkstjóri í vélsmiðju, í síma 525 7171 eða 825 7171. Netfang: sal@eimskip.is.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Himinn og haf / SÍA / 9070983

Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 www.eimskip.is

EIMSKIP

LAUGAR café

## Við erum að leita að starfsfólki

Starfsfólk óskast í fullt starf og hlutastarf í sal. Við leitum eftir fólki sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavini.

Umsjón með ráðningu hefur
Logi Liljendal Hilmarsson í síma 693 7176
eða logi@worldclass.is

Í Laugum eru starfrækt fimm fyrirtæki. Fjöldi gesta í Laugum er um 2000 daglega svo um líflegan vinnustað er að ræða.

Stjörnu-Oddi

## Rafeindavirkjar óskast og laghentur starfsmaður

**Rafeindavirkjar**
Stjörnu-Oddi óskar eftir að ráða tvo rafeindavirkja í framleiðslu og prófanir, við sjáum fyrir okkur starfsmann á aldrinum 20-40 ára, unnið er við mjög fíngerða rafeindaíhluti í spennandi umhverfi. Kröfur eru að viðkomandi sé vandvirkur og samviskusamur. Það er kostur ef viðkomandi hefur reynslu af rafeindasamsetningu en er ekki skilyrði, við þjálfum sjálfir okkar starfsfólk.

Hjá Stjörnu-Odda starfar samstilltur hópur starfsmanna, fyrirtækið á sér mikla framtíðarmöguleika. Stjörnu-Oddi framleiðir fyrst og fremst mælitæki til umhverfisvöktunar. Vörur félagsins eru seldar um allan heim, aðallega til umhverfisrannsókna og til merkinga á dýrum/fiskum, en einnig til iðnaðarnota.

**Laghentur starfsmaður (handavinna)**
Laghentur starfsmaður óskast í samsetningu á rafeindabúnaði, við sjáum fyrir okkur starfsmann á aldrinum 20-40 ára, unnið er við mjög fíngerða rafeindaíhluti. Það er kostur ef viðkomandi hefur reynslu af rafeindasamsetningu og en er ekki skilyrði, við þjálfum sjálfir okkar starfsfólk.

**Hæfniskröfur**
- Hefur gaman af að vinna með fíngerða hluti, þar sem nákvæmni skiptir öllu máli.
- Átt auðvelt með að starfa sjálfstætt og í sam hentu teymi.
- Býrð yfir fagmannlegum vinnubrögðum og styrk í mannlegum samskiptum.
- Ert vandvirk/ur og samviskusöm/samur.

Við bjóðum
Spennandi verkefni í samstarfi við samstilltan hóp starfsmanna í fyrirtæki sem á sér mikla framtíðarmöguleika.

Stjörnu-Oddi framleiðir fyrst og fremst mælitæki, vörur félagsins eru seldar um allan heim, aðallega til umhverfisrannsókna, til merkinga á dýrum/fiskum og til iðnaðarnotkunnar.

Umsóknir sendist með tölvupóst "sigmar@star-oddi.com" eða bréflega til Stjörnu-Odda, Vatnagörðum 14, 104 - Reykjavík. Frekari upplýsingar veitir Sigmar Guðbjörnsson, heimasíða Stjörnu-Odda er www.star-oddi.com.

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

# VILTU VINNA Í NÝRRI OG SPENNANDI VERSLUN?

**Við leitum að metnaðarfullum og hæfileikaríkum einstaklingum til sölu- afgreiðslustarfa**

## Gólfefnadeild

**Vegna aukinna umsvifa í gólfefndadeildinni þurfum við að bæta við starfskrafti**

**Aðalstarfssvið:**
- Sala, ráðgjöf og þjónusta við einstaklinga og verktaka
- Aðstoð við uppbyggingu og þróun deildarinnar
- Pantanir frá vöruhúsi og birgjum
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla úr sambærilegu starfi æskileg
- Þekking á gólfefnum er kostur.
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga og metnað til að ná árangri í starfi, vera heiðarlegur, stundvís, ásamt því að hafa góða framkomu og færni í mannlegum samskiptum

## Raftækjadeild og ljósadeild verslunarinnar
- um er að ræða hlutastörf

**Starfssvið:**
- Sala, ráðgjöf og þjónusta við einstaklinga og verktaka
- Aðstoð við uppbyggingu og þróun deildarinnar
- Pantanir frá vöruhúsi og birgjum
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla úr sambærilegu starfi æskileg
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga og metnað til að ná árangri í starfi, vera heiðarlegur, stundvís, ásamt því að hafa góða framkomu og færni í mannlegum samskiptum

## Afgreiðslumaður á kassa

**Starfssvið:**
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Umsjón með gjafavörusvæðinu við kassana, útstillingum og verðmerkingum
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla úr sambærilegu starfi æskileg
- Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur, stundvís, ásamt því að hafa góða framkomu og færni í mannlegum samskiptum

**Viljum einnig bæta við íhlaupastarfsmönnum sem eru tilbúnir til að vinna seinni hluta dags á föstudögum og um helgar**

Umsóknir berist til Elínar Björnsdóttur verslunarstjóra, **elinb@egg.is.**

www.egg.is

EGG
SMÁRATORGI





# Deildarstjórar og leikskólakennarar
## óskast í leikskólann
## Blásali, Brekknaás 4 í Selási

**Blásalir er fjögurra deilda leikskóli í grónu hverfi í Selásnum. Þar er stutt í ósnortna náttúru, Elliðaárdalinn og Rauðavatn. Við leggjum áherslu á skapandi starf, útikennslu og virðingu fyrir margbreytileika einstaklingsins.**

Verið velkomin í heimsókn í Blásali eða hafið samband við Margréti leikskólastjóra í síma 557-5720.

Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margskonar menntun og reynslu.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is



# Lifandi störf í líflegu umhverfi á Vöruhóteli Eimskips

**Lítill heimur – hugsum stórt**

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim. Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu.

- 14.500 starfsmenn
- 280 skrifstofur í yfir 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 180 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.

Himinn og haf / SÍA / 9071059



Við leitum að kraftmiklum, jákvæðum, ábyrgum og stundvísum einstaklingum, konum jafnt sem körlum.

**SÉRVERKEFNI – AFLEYSING FYRIR VAKTSTJÓRA**
Í starfinu felast ýmis sérverkefni tengd vöruhúsaþjónustu og ábyrgð á tiltekt pantana. Einhver reynsla af lagerstörfum er æskileg.
Íslensku- og enskukunnátta skilyrði.
Óskað er eftir einstaklingi 25 ára eða eldri.
Vinnutími kl. 08.00–16.00 alla virka daga.

**YFIRFERÐ PANTANA**
Ábyrgð á yfirferð pantana og umsjón með pökkun og merkingum á vörum.
Íslensku- og enskukunnátta skilyrði.
Óskað er eftir einstaklingi 25 ára eða eldri.
Vinnutími kl. 08.00–16.00 alla virka daga.
Nánari upplýsingar um störfin veitir Styrkár Jóhannesson, stj@eimskip.is, sími 825 7650.

**STARFSMAÐUR Í AFGREIÐSLU Á HÉÐINSGÖTU**
Lyftarastörf og afgreiðsla.
Þjónustulund og nákvæmni eru mikilvægir eiginleikar.
Íslenskukunnátta skilyrði.
Vinnutími kl. 08.00–17.00 alla virka daga.
Nánari upplýsingar veitir Ívar Örn Elefsen, ioe@eimskip.is, sími 825 7641.

**STARFSMAÐUR Í BÓKUN**
Bókun og skráning á vörum. Einhver þekking og/eða reynsla við tölvuvinnu er nauðsynleg. Íslenskukunnátta skilyrði.
Vinnutími kl. 13.00–23.00, mánudaga til fimmtudaga, frí á föstudögum.

**STARFSMAÐUR Í GÁMALOSUN OG Á ÚTISVÆÐI**
Starfið getur verið líkamlega erfitt og því mikilvægt að viðkomandi sé hraustur.
Vinnutími kl. 08.00–17.00, en á tvískiptum vöktum í gámalosun, kl. 08.00–16.00 eina vikuna og 16.00–23.30 þá næstu.
Nánari upplýsingar um störf í bókun og gámalosun veita Einar B. Birgisson, ebb@eimskip.is, sími 825 7631 og Teitur Gunnarsson, teg@eimskip.is, sími 825 7630.
Upplýsingar um starf á útisvæði veitir Bragi Viðarsson, brv@eimskip.is, sími 825 7671.

Umsjón með ráðningunum hefur Elín Hjálmsdóttir, ehd@eimskip.is, starfsþróunarsviði, sími 525 7375.
Umsækjendur verða að vera orðnir 18 ára og með hreint sakavottorð.
Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar, www.eimskip.is.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



# Stöður leikskólastjóra

**Lausar eru stöður leikskólastjóra við leikskólana Hlíðaborg, Eskihlíð 19 og Völvuborg Völvufelli 7.**

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að leikskólar móti hver sína sérstöðu og hafi faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði. Í skólanámsskrá leikskólans, sem er samin af starfsfólki í samvinnu við foreldra, birtist sérstaða leikskólans, framtíðarsýn hans og markmið.

**Leikskólinn Hlíðaborg** er þriggja deilda þar sem dvelja 51 barn. Í Hlíðaborg er lögð áhersla á skapandi starf, málörvun og leik með ritmálið. Einnig er mikið lagt upp úr sjálfstæði barnanna og ábyrgð gagnvart sér og öðrum, til að efla færni þeirra í því að velja og hafna í framtíðinni.

**Leikskólinn Völvuborg** er þriggja deilda leikskóli þar sem dvelja 53 börn samtímis. Leikskólinn er hlýlegt og gamalt norskt timburhús með sál. Leikskólinn leggur áherslu á umhverfismennt og að allir geti fundið til öryggis og ánægju í leikskólanum.

Meginverkefni leikskólastjóra eru að vera faglegur leiðtogi og bera ábyrgð á uppeldis- og menntastarfi leikskólans. Leikskólastjóri ber einnig ábyrgð á rekstri og starfsmannastjórnun í leikskólanum.

**Menntunar og færnikröfur:**

- Leikskólakennaramenntun er áskilin
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og/eða menntunarfræða er æskileg
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Þekking á rekstri og tölvukunnátta
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknum fylgi starfsferilsskrá með yfirliti yfir nám og fyrri störf.
Umsóknarfrestur er til 10. september nk.

**Staðan í Hlíðaborg er laus frá 1. nóvember 2007.**
**Staðan í Völvuborg er laus frá 1. janúar 2008.**

Umsóknir sendist til skrifstofu Leikskólasviðs Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1 eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is.

Upplýsingar veita Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu
hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is
***eða***
Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri
ingunn.gisladottir@reykjavik.is
í síma 411 7000.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Hressingarskálinn

óskar eftir þjónum í fulla dagvinnu í vetur, helst reyndum.
Ef þú ert jákvæð/ur, brosmild/ur og vinnuþjarkur, þá endilega komdu hingað á Hressó og fylltu út umsókn hjá okkur á Austurstræti 20.

# Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Sólborg í Sandgerði óskar eftir leikskólakennara í 100% stöðu og einnig vantar í tvær 50% stöður eftir hádegi. Ef ekki fást leikskólakennarar í þessar stöður verða ráðnir leiðbeinendur. Umsóknarfrestur er til 30.ágúst 2007.

Nánari upplýsingar veita Jórunn Alda leikskólastjóri eða Hanna Gerður aðst.leikskólastjóri í síma 4237620.




**SPRON óskar eftir að ráða öflugan og kraftmikinn viðskiptastjóra í útibú SPRON í Ármúla.**

*Helstu verkefni:*

- Almenn fjármálaþjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina SPRON
- Kynning og sala á vörum og þjónustuleiðum SPRON
- Öflun nýrra viðskiptavina

*Menntunar- og hæfniskröfur:*

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun
- Reynsla af bankastörfum er kostur
- Reynsla og/eða áhugi á markaðs- og sölumálum
- Umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði, skipulagshæfileika og ríka þjónustulund, ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Ýlfa Proppé Einarsdóttir, þjónustustjóri í Ármúlaútibúi, í síma 550 1200.**

**Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, fyrir 3. september nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

*SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum er áhersla á **TRAUST, FRUMKVÆÐI og ÁRANGUR.***

75 ára | spron

# Félagsþjónustan í Hafnarfirði

## Félagsstarf eldri borgara í Hafnarfirði

*Tvær lausar stöður:*

**1. Aðstoðarmaður í félagsstarfi, Hraunseli, Flatahrauni 3**
Um er að ræða fjölbreytt og gefandi starf í félagsstarfi eldri borgara. Starfið felst í aðstoð við eldri borgara varðandi skipulagningu, útfærslu og framkvæmd á félagsstarfi þeirra.

Við leitum að ábyrgum, jákvæðum og áhugasömum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og tekið frumkvæði þegar það á við. Vegna jafnréttissjónarmiða hvetjum við karlmenn ekki síður en konur til að sækja um. Reynsla af starfi með eldri borgurum æskileg.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.
Starfshlutfall getur verið samkomulag til að byrja með en þó ekki minna en 50%.

Frekari upplýsingar um starfið gefa Kolbrún Oddbergsdóttir, deildarstjóri heimaþjónustudeildar Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði, s: 585-5700 og/eða Jónína Björk Óskarsdóttir, ráðsmaður félagsstarfs eldri borgara í Hraunseli, s: 555-0142

Umsóknafrestur er til 1. september 2007 og skal umsóknum skilað til Félagsþjónustunnar, Strandgötu 33 Hafnarfirði.

**2. Leiðbeinandi í handavinnu-og tómstundarstarfi**
Starfið felst aðallega í því að leiðbeina eldri borgurum með handvinnu og tómstundir. Unnið er að fjölbreytilegum verkefnum til að sem flestir eldri borgarar finni eitthvað við sitt hæfi.

Æskilegast er að umsækjandi hafi reynslu af því að kenna eða leiðbeina, áhuga á að vinna með eldri borgurum og færni í handverki og tómstundastarfi.
Starfið krefst frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.
Starfshlutfall er 50%. Umsóknarfrestur er til 1. september 2007.

Nánari upplýsingar veita Kolbrún Oddbergsdóttir, deildarstjóri heimaþjónustudeildar Félagsþjónustunnar, s: 585-5700, og Jónína Björk Óskarsdóttir, ráðsmaður félagsstarfs eldri borgara í Hraunseli, Flatahrauni 3, s: 555-0142.

Umsóknafrestur er til 1. september 2007 og skal umsóknum skilað til Félagsþjónustunnar, Strandgötu 33 Hafnarfirði.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

# Vélavörður

**Vélavörð vantar á línuskipið Hrungnir GK-50**

upplýsingar í síma 8522350 og 4205700 eftir kl 13.00.

Vísir hf Grindavík

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður í leik- og grunnskólum

### Grunnskólar

Áslandsskóli (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)
Íþróttir/sundkennsla
Stuðningsfulltrúi
Skólaliði

Hraunvallaskóli (664 5872 einar@hraunvallaskoli.is)
Kennsla á yngsta stigi
Skólaliði

Hvaleyrarskóli (664 5893 helgi@hvaleyrarskoli.is)
Skólaliði (100%)
Starfsmaður í frístundaheimili

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Kennari við fjölnám
Kennari í sérdeild f. börn með þroskaraskanir
Skólaliðar

Setbergsskóli (664 5880 gudosk@setbergsskoli.is)
Skólaliði

Víðistaðaskóli (664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
Heimilisfræðikennsla
Íþróttir
Stuðningsfulltrúi
Skólaliði

Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
Kennsla í yngri deild frá miðjum okt. v. foreldraorlofs
Forfallakennsla
Skólaliði

### Leikskólar

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Staða í eldhúsi, vinnutími 10:30-16:00

Álfaberg (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Starfsmaður í eldhús (50%)
(Álfaberg er leikskóli fyrir 5 ára börn)

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóri
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Síðdegisstöður

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hvammur (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hörðuvellir (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Kató (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Leikskólinn er tveggja deilda og tekst á við forystuverkefni í samkennslu

Norðurberg (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Ræsting

Stekkjarás (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar, þroskaþjálfi og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Skilastöður

Tjarnarás (565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Sérkennslustjóri

Víðivellir (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA

# Hjúkrunarfræðingar!

Heilsuvernd barna er ný deild við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem sinnir ung- og smábarnavernd og skólaheilsugæslu á öllum Suðurnesjum nema Grindavík. Nú vantar okkur fleiri hjúkrunarfræðinga til að takast á við spennandi verkefni og þróa nýja starfsemi.

Eingöngu er unnið á dagvinnutíma frá 8-16 en að öðru leyti er hægt að aðlaga vinnutíma að þörfum hvers og eins. Nánari upplýsingar hjá Ingibjörgu Steindórsdóttur deildarstjóra s: 860-0156 eða ingibj@hss.is

Um er ræða framtíðarstarf og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknir sem greina frá menntun, fyrri störfum og meðmælendum skulu berast til Bjarnfríðar Bjarnadóttur starfsmannstjóra, Mánagötu 9, 230 Reykjanesbæ eða með tölvupósti á netfangið bjarnfridur@hss.is.
Umsóknarfrestur er til og með 9.september 2007 og geta umsóknir gilt í 6 mánuði.
Öllum umsóknum verður svarað.

# KÓPAVOGSBÆR

ÍTK
ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ KÓPAVOGS

## Frístundaheimilið Kraftverk

- **Íþrótta- og tómstundaráð Kópavogs óskar eftir að ráða tvo starfsmenn í 30-50% starf við frístundaheimilið Kraftverk.**

Frístundaheimilið er ætlað börnum og unglingum í 5.-10. bekk með sérþarfir eftir að skóladegi lýkur. Möguleiki er að ráða í allt að 100% stöðuhlutfall með tengingu við félagsmiðstöðina Igló. Um er að ræða gefandi starf og hafir þú áhuga og ánægju af mannlegum samskiptum þá er þetta starf fyrir þig.

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til 31. ágúst n.k.
Allar nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Lára Finnsdóttir, forstöðumaður Igló, í síma 6961621 og 5641132.

Netfang: ***ragnhildur@itk.is***
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

***www.kopavogur.is - www.job.is***

# C#.NET2
# MS-SQL

Lýsing er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi með öfluga starfsemi bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði. Aðalstarfsemi Lýsingar hefur frá upphafi verið á sviði eignaleigu með fjármögnun á atvinnutækjum, atvinnuhúsnæði og bifreiðum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Allt starfsfólk Lýsingar leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf, skjóta og góða þjónustu og kappkostar að hafa hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Í viðleitni sinni við að veita ávallt framúrskarandi þjónustu vinnur starfsfólk Lýsingar eftir þjónustustefnu fyrirtækisins sem tekur á öllum snertiflötum við viðskiptavini þess.

## Hugbúnaðarsérfræðingur:

Leitað er eftir hugbúnaðarsérfræðingi með háskólagráðu í tölvunarfræði eða sambærilegri menntun og a.m.k. 2-3 ára starfsreynslu.

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**

- Þekking og reynsla af vefforritun í C#.NET2 og JavaScript
- Þekking og reynsla af MS-SQL server 2000/2005
- Góð þekking á Microsoft stýrikerfi og Office umhverfi
- Góð þekking á Microsoft netkerfum
- Reynsla af greiningu, hönnun og innleiðingu hugbúnaðar er góður kostur
- Einhver þekking á SAP og Java forritun er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar, frumkvæði og þjónustulund
- Áhugi og metnaður í starfi

Í boði er fjölskylduvænt starfsumhverfi.

**Nánari upplýsingar veitir Eygló Grímsdóttir skrifstofustjóri í síma 540 1524.**

**Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið eyglo@lysing.is en einnig er hægt að sækja um starfið á www.lysing.is. Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk.**

01 - 9913

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING
LYSING.IS // 540 1500

## Kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA

Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við.

Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.

Furðufiskar ehf
Fiskislóð 81a
101 Reykjavík

## Jói Fel leitar að duglegu fólki...

...í fullt starf, eða í hlutastarf virka daga og um helgar í Smáralind og á Kleppsvegi.

Viðkomandi aðili þarf að sjá um almenna afgreiðslu og aðstoða við allan daglegan rekstur.

Ef þú ert áreiðanlegur, jákvæður og harðduglegur einstaklingur, viljum við endilega fá þið til liðs við okkur.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum á **joifel@joifel.is**, eða hafið samband við Lindu í síma **863 7579.**

Jói Fel
Kleppsvegi 152 sími 588 8998
Smáralind sími 554 4544
www.joifel.is

## Starfsmaður á lager

Innflutnings- og verslunarfyrirtæki óskar að ráða starfsmann á lager sem allra fyrst.
Vinnutími 8-16.30 eða 9-17.00
Starfið felst í að sjá um móttöku og afgreiða vörur, annast útkeyrslu og fl.

Vinsamlegast sendið tilboð merkt lager123 til box@frett.is

## Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

### Sjúkraliðar, félagsliðar og starfsfólk í umönnun

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð óskar eftir starfsfólki sem hefur áhuga á umönnun aldraðra. Um er að ræða vaktavinnu, starfshlutfall eftir samkomulagi. Unnið eftir Time Care vaktastjórnunarkerfi.

*Upplýsingar veitir:*
Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri
Sími 5604163 eða 5604100
Netfang: dagmar@sunnuhlid.is
Sjá líka: **www.sunnuhlid.is**

### Aðstoðarmaður sjúkraþjálfara

Einnig vantar okkur aðstoðarmann sjúkraþjálfara.
Um er að ræða 100% stöðu.

*Upplýsingar veitir:*
Sólveig Þráinsdóttir, yfirsjúkraþjálfari
Sími 8944127
Netfang: sola@sunnuhlid.is

## Vegna aukinna verkefna vantar okkur starfsfólk í eftirtalin störf.

### Sölumaður í atvinnutækjadeild

Starfið felur í sér sölu á IVECO atvinnubifreiðum, STILL lyfturum og JCB vinnuvélum ásamt samskiptum við innlenda og erlenda birgja.

Hæfniskröfur
- Reynsla af sölustörfum
- Góð enskukunnátta
- Tölvuþekking og góð tæknikunnátta
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

### Starfsmaður í útkeyrslu og pökkun

Starfið felur í sér tiltekt varahluta, pökkun, merkingar og útkeyrslu varahluta ásamt ýmsum sendiferðum fyrir verkstæði, söludeildir og skrifstofu.

Hæfniskröfur
- Stundvísi og reglusemi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

### Aðstoðarmaður söludeilda

Starfið felur í sér afgreiðslu véla og tækja, þrif, frágang og eftirlit með notuðum og nýjum tækjum, minniháttar viðgerðir og ýmis tilfallandi verkefni fyrir söludeildir.

Hæfniskröfur
- Meirapróf
- Stundvísi og reglusemi
- Þekking á vélum og tækjum
- Góð þjónustulund

Vélaver hf er eitt af stærstu innflutningsfyrirtækjum landsins á vélum og tækjum til landbúnaðar og verktakastarfsemi auk innflutnings á lyfturum, atvinnubifreiðum, fjórhjólum og kerrum.
Vélaver er með starfsemi í Reykjavík og á Akureyri.

Hjá fyrirtækinu starfa um 50 manns sem leggja metnað sinn í að veita viðskiptavinum lipra og fagmannlega þjónustu sem þeir geta treyst á.

Mjög góð aðstaða er fyrir starfsfólk og viðskiptavini í nýju húsnæði Vélavers að Krókhálsi sem er 3500 fm. að stærð og skiptist í um 1.000 fm. sýningarsal sem er einn stærsti sinnar tegundar á landinu, 1.000 fm. lagerrými, 1.000 fm verkstæði sem búið er öllum fullkomnustu tækjum og um 500 fm skrifstofuaðstöðu.

Umsóknum um ofangreind störf þarf að skila eigi síðar en 31. ágúst n.k.

VÉLAVER HF
Krókhálsi 16 • 110 Reykjavík • sími 588 2600
www.velaver.is

## Viltu vinna á hressum og líflegum stað með konum?

Við leitum að duglegu, skapgóðu og þjónustulunduðu fólki í eftirtalin störf:

- Afgreiðsla
- Barnagæsla

Um vaktavinnu er að ræða – bæði fullt starf og hlutastarf

Umsóknir sendist á netfangið anna@jsb.is
Nánari upplýsingar í síma 581 3730

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

## Sólar
Gluggatjöld

## Markaðs- og sölufulltrúi

Óskum eftir að ráða markaðs- og sölufulltrúa fyrir Sólargluggatjöld og systurfyrirtæki. Um er að ræða auglýsingahönnun, vefsíðugerð og lifandi sölustarf hjá vaxandi fyrirtæki.

Hæfniskröfur:
- Lipurð í mannlegum samskiptum og söluhæfileikar.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Stundvísi og helgun að starfi.
- Þekking á hugbúnaði til auglýsingagerðar fyrir prentaða miðla.
- Þekking á hugbúnaði til vefsíðugerðar.
- Þekking á Office-hugbúnaðinum (Word, Excel..)
- Áhugi á innanhússhönnun.

## Sölufulltrúi

Óskum eftir að ráða sölufulltrúa í verslun okkar. Um er að ræða lifandi sölustarf hjá vaxandi fyrirtæki. Starfið felur í sér mikil samskipti við viðskiptavini, tilboðsgerð og ráðgjöf.

**Hæfniskröfur:**
- Lipurð í mannlegum samskiptum og söluhæfileikar.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Stundvísi og helgun að starfi.
- Þekking á Office-hugbúnaðinum (Word, Excel..)
- Áhugi á innanhússhönnun.

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á: jon@solar.is
Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst n.k..

## Naglafræðingur

Óska eftir að ráða í fullt starf naglafræðing með reynslu og/ eða snyrtifræðing. Upplýsingar í síma 6931537 Anastasia

Anastasia
Stúdío neglur & fegurð
Símar: 517 9080 - 693 1537

## Rafvirkjar - rafvirkjanemar

Rafrún ehf. óskar að ráða rafvirkja og eða rafvirkjanema til starfa sem fyrst, mikil vinna framundan.

Umsækjendur hafi samband við skrifstofu Rafrúnar ehf. að Gjótuhrauni 8 Hafnarfirði, í síma 555 6060 - 898 1014 - 898 1014 eða sendið umsókn í tölvupósti rafrun@rafrun.is.

Reykjavíkurborg
Menntasvið



## Sérkennarar - sérfræðingar

**Óskum eftir að ráða starfsmenn í sérhæfða fardeild við Ártúnsskóla.**

Sérhæfð fardeild tók til starfa við Ártúnsskóla nú í haust. Deildin veitir skólunum í Árbæ, Breiðholti og Grafarholti þjónustu vegna nemenda/ nemendahópa sem þurfa á sértækri þjónustu að halda.

Störfin felast m.a. í því að vera ráðgefandi í málefnum einstakra nemenda og hópa og finna lausnir á vanda þeirra í samvinnu við kennara og skólastjórnendum.

Ártúnsskóli

**Leitað er að einstaklingum sem:**
- Hafa menntun á sviði sérkennslu, uppeldis- og menntunar, námsráðgjafar eða sálfræði og fagþekkingu og reynslu á sviði atferlis- og/eða geðraskana barna
- Hafa þekkingu og reynslu af skólastarfi og stjórnsýslu
- Geta starfað sjálfstætt og sýnt frumkvæði
- Búa yfir lipurð í samskiptum
- Geta aðlagað sig ólíkum aðstæðum
- Hafa áhuga á að vinna með öðru fagfólki á þverfaglegum grunni

Umsóknarfrestur er til 19. september n.k. Umsóknir sendist til Ártúnsskóla, Árkvörn 6 110 R , eða á netfangið rannveig@artunsskoli.is Nánari upplýsingar veita Rannveig Andrésdóttir skólastjóri Ártúnsskóla s. 5673500 og Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri Ingunnarskóla s. 6648265

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Menntasvið Reykjavíkur

## Menntasvið Reykjavíkurborgar

**Skólaárið 2007-2008 eru eftirfarandi störf í grunnskólum Reykjavíkur laus**

**Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 664-8120**
- Skólaliði í 60-100% starf
- Kennari til kennslu á yngsta aldursstigi

**Borgaskóli, Vættaborgum 9, sími 577-2900**
- Skólaliði
- Skólaliði, starf til 1.11.2007
- Síðdegisræsting, starf til 1.11.2007
- Umsjónarkennari á yngsta stigi frá 1. janúar 2008
- Forfallakennari í tilfallandi forföll

**Fellaskóli, Norðurfelli 17-19, sími 557-3800**
- Skólaritari
- Kennari í sérdeild fyrir einhverfa (hlutastarf)
- Stuðningsfulltrúi í sérdeild fyrir einhverfa (hlutastarf)

**Foldaskóli, Logafold 1, sími 540-7600 / 664-8180**
- Skólaliði í 50-100% starf m.a. í búningsklefa

**Fossvogsskóli, Haðalandi 26, sími 568-0200 / 664-8190**
- Umsjónakennari á miðstigi, hlutastarf
- Forfallakennari

**Hamraskóli, Dyrhömrum 9, sími 567-6300 / 664-8200/ 664-8201**
- Deildarstjóri í sérkennslu

**Háteigsskóli, v/Háteigsveg, sími 530-4300 / 664-8215**
- Kennari í móttökudeild og sérkennslu
- Skólaliðar í 50-70% störf
- Stuðningsfulltrúar í 50-60% störf

**Hlíðaskóli, Hamrahlíð 2, sími 552-5080**
- Stuðningsfulltrúi í 70% starf

**Hólabrekkuskóli, Suðurhólum 10, sími 557-4466**
- Þroskaþjálfi með einhverfum nemanda í fyrsta bekk
- Skólaliði
- Forfallakennari
- Yfirmaður í skólamötuneyti

**Húsaskóli, Dalhúsum 41, sími 567-6100**
- Umsjónarkennarar á yngsta stig
- Kennari í tölvu og upplýsingafræði 2/3 staða

**Korpuskóli, Bakkastöðum 2, sími 411-7880 / 664-8276**
- Umsjónarkennarar á miðstigi
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi, 50% starf

**Laugalækjarskóli, v/Laugalæk, sími 588-7500**
- Kennari í sérkennslu
- Skólaliðar

**Rimaskóli, Rósarima 11, sími 567-6464/ 664-8320**
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Skólaliðar: Aðstoð við nemendur og ræsting

**Safamýrarskóli, Safamýri 5, sími 568-6262**
- Stuðningsfulltrúi í 50% og 100% starf

**Seljaskóli, Kleifarseli 28, sími 411-7500 / 664-8330**
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Skólaliði

**Víkurskóli, v/ Hamravík, sími 545-2700 / 664-8345**
- Umsjónarkennari á unglingastigi, aðalkennslugrein íslenska, 70% starf
- Skólaliði í íþróttahús, hlutastarf kemur til greina

**Ölduselsskóli, Ölduseli 17, sími 557-5522**
- Skólaliði

**Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is.**

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er einnig að finna á heimasíðu Menntasviðs. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

RE/MAX Fasteignir

TRAUST
VIRÐING
ÞJÓNUSTA


Stefán Páll
Lögg. fasteignasali


Bergur
Sölufulltrúi


Öflugur
Sölufulltrúi


Bóas
Sölufulltrúi


Gunnar
Sölufulltrúi


Öflugur
Sölufulltrúi


Hilmar
Sölufulltrúi


Halldór
Sölufulltrúi

## LOKSINS ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ !

Við hjá RE/MAX Fasteignum höfum ákveðið að bæta við okkur tveim sölufulltrúum og leitum því að vönduðum einstaklingum til að vinna með okkur. Við hjá RE/MAX Fasteignum leggjum mikla áherslu á vönduð vinnubrögð og góðan starfsanda í fyrirtækinu og veljum því vandlega fólk í okkar hóp. Við leitum að einstaklingum sem........

- **Hafa umfram allt hæfni í mannlegum samskiptum**
- **Jákvæðni**
- **Heiðarleika**
- **Stundvísi**
- **Hafa reynslu af sölumennsku**
- **Hafa reynslu af fasteignamarkaðnum (kostur ekki skilyrði)**
- **Háskólamenntun er kostur ekki skilyrði**
- **Hreint sakavottorð skilyrði**

Ef þig langar að vinna í spennandi og traustu fyrirtæki sendu þá ferilskrá með ásamt mynd á stefanp@remax.is eða með pósti til " Remax Fasteignir bt. Stefáns, Engjateig 9, 105 Reykjavík.

Ath.. engar upplýsingar eru veittar í síma.

www.inhouse.is

# STARFSFÓLK ÓSKAST



ARKÍS er framsækið alhliða hönnunar- og ráðgjafafyrirtæki sem hefur starfað frá árinu 1997. Arkís leggur áherslu á vönduð og traust vinnubrögð.

Starfsmenn ARKÍS eru 45 í Reykjavík og á Egilsstöðum. Auk þess er Arkís einn af stofnendum arkitekta- og verkfræðistofunnar ARSO í Vilnius þar sem nú starfa yfir 30 manns. ARKÍS hefur unnið fjölda verkefna á alþjóðlegum grunni.

Verkefni ARKÍS eru fjölþætt en má þar helst nefna hönnun verslunarhúsnæðis, skólabygginga, skrifstofu- og atvinnuhúsnæðis, skipulagsverkefna auk annara verkefna fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Vegna aukinna verkefna framundan leitum við að áhugasömum einstaklingum til starfa.

## ARKITEKTAR & BYGGINGAFRÆÐINGAR

Leitum að arkitektum og byggingafræðingum sem geta starfað sjálfstætt og stýrt verkefnum fyrir hönd fyrirtækisins.

Einnig leitum við að arkitektum og byggingafræðingum til að starfa við almenna hönnun.

Áhugasamir hafi samband við Þorvarð Björgvinsson í síma 822 2065, Svövu Bragadóttur í síma 867 1895, eða sendi póst á netfangið thorri@ark.is

www.ark.is

ARKÍS




**Gestamóttaka (Næturvörður)**
Vinnutíminn er frá 19:00 – 07:00

**Hæfniskröfur:**
-Almenn tölvukunnátta
-Íslenska, enska og helst eitt norðurlandamál
-Hæfni í mannlegum samskiptum.
-Viðkomandi þarf að vera 25 eða eldri

**Umsóknir skulu sendast Sigurði á netfangið sigurdurs@hotel-ork.is og veitir hann nánari upplýsingar í síma 483-4700 eða 864-3122**

**Die Botschaft der Bundesrepublik Deutschland**
sucht zum frühestmöglichen Zeitpunkt, spätestens zum 01.10.2007

**eine/n Fremdsprachenassistent/in**
für Schreib- und Übersetzungsarbeiten in deutscher, isländischer und englischer Sprache, schriftlich und mündlich; Auswertung isländischer Medien; Erteilen von Wirtschaftsauskünften und Beantwortung von Routineanfragen aus verschiedenen Bereichen; Mitwirken bei Veranstaltungen der Botschaft und bei der Betreuung von Besuchern und Delegationen.

Bewerberinnen bzw. Bewerber sollten Deutsch und Isländisch auf muttersprachlichem Niveau
beherrschen und über sehr gute Englisch-Kenntnisse verfügen. Gute Schreibfertigkeiten, den sicheren
Umgang mit dem PC und Freude am Arbeiten in einem kleinen Team setzen wir voraus. Auf
freundliche und zuvorkommende Behandlung unserer Besucher und Anrufer legen wir besonderen Wert.

Bitte richten Sie Ihre Bewerbung mit Lebenslauf und Zeugnissen bis zum 05.09.2007 an die Botschaft der Bundesrepublik Deutschland z. H. Frau Gisela Klahre, Laufásvegur 31, 101 Reykjavík.




# TOYOTA Á ÍSLANDI

## óskar að ráða verkefnastjóra á markaðssvið

**Toyota á Íslandi óskar eftir metnaðargjörnum, samviskusömum og jákvæðum einstaklingi í starf verkefnastjóra.**

**Starfssvið:**
- Verkefnastjórn og umsjón með viðburðum, s.s. bílasýningum, menningar- og íþróttaviðburðum.
- Daglegt markaðsstarf og stuðningur við vörumerkjastjórnun Toyota og Lexus.
- Umsjón með gjafavöru, styrktarbeiðnum og myndefni.
- Vinnsla við bæklinga og markaðsefni fyrir Toyota og Lexus.

**Hæfniskröfur:**
- Öguð og vönduð vinnubrögð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Þekking á helstu hönnunarforritum, s.s. Photoshop, Illustrator og InDesign er mikill kostur.
- Góð Word- og Excel-kunnátta nauðsynleg.
- Menntun á sviði verkefna- og/eða vörumerkjastjórnunar mikill kostur.
- Reynsla af markaðsstörfum mikill kostur.

Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsækinu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.
Áhugasamir sendi umsókn á atvinna@toyota.is ásamt ferilskrá, merkt „Verkefnastjóri." Umsóknarfrestur er til 3. september.
Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir í síma 570 5070 eða á netfanginu fanny@toyota.is

Toyota á Íslandi er innflytjandi Toyota bifreiða, vara- og aukahluta. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota á Íslandi. Hverri áskorun er tekið fagnandi hendi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

www.toyota.is

TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 38551 08/07

GÓÐIR MENN Rafverktakar

# Óska eftir rafvirkjum

**Langar þig að vinna skemmtilega tæknivinnu?**
Við leitum að rafvirkjum í vinnu við uppsetningar og forritun á ýmsum öryggisbúnaði og í almenna raflagnavinnu.
Bíll + sími + snyrtileg innivinna á höfuðborgarsvæðinu.

Vinsamlega sendið inn umsóknir á **godirmenn@godirmenn.is.**
Upplýsingar í síma 820 5900.

# Starfsmaður óskast á næturvaktir

*Við leitum að duglegum, jákvæðum og samviskusömum starfsmanni á næturvaktir.*

*Unnið er virka daga frá kl. 22 - 08 og um helgar frá kl. 20 - 08, viku í senn.*

## Hæfniskröfur

- *Mikil þjónustulund er skilyrði*
- *Góð tungumálakunnátta*
- *Góð tölvukunnátta*
- *Frumkvæði og ábyrgð í vinnubrögðum*

*Umsóknir og ferilsskrá sendist á netfangið:* ***gisli.valdorsson@radissonsas.com fyrir 1.september 2007.***

*Nánari upplýsingar veitir Gísli Freyr Valdórsson, verkefnastjóri, í* ***síma 525 9811.***

*Radisson SAS Hótel Saga er 4 stjörnu hótel, búið öllum helstu þægindum, í einungis nokkurra mínútna göngufjarlægð frá hjarta Reykjavíkur. Það er nútímalegt hótel byggt á sígildum hefðum þar sem gæði, þjónusta og yfirburðir á öllum sviðum eru í fyrirrúmi. Radisson SAS Hótel Saga er hluti af Rezidor SAS sem rekur hátt í 300 hótel í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Hjá Hótel Sögu starfa um 130 manns.*

Radisson SAS SAGA HOTEL, REYKJAVIK

PIPAR • SÍA • 71579



# VILTU BESTA STARF Í HEIMI?

**Frístundaheimili ÍTR óska eftir starfsfólki sem getur tekið þátt í að stýra starfi með 6-9 ára börnum á eftirfarandi sviðum:**

- List- og verkgreinar, s.s. tónlist, myndlist, leiklist, smíði, textíl
- Íþróttir og leikir, s.s. útileikir, innileikir
- Útivist og umhverfismennt, s.s. gönguferðir, náttúruskoðun
- Barnalýðræði og lífsleikni, s.s. hópastarf, barnafundir, lesa sögur, vinátta og samvera

Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi en starfshlutfall og vinnutími getur verið sveigjanlegt

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is

# LÍNUHÖNNUN - NÝBYGGINGARSVIÐ
# SPENNANDI TÆKIFÆRI

- ERTU VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR MEÐ ÁHUGA Á BURÐARÞOLI, LÖGNUM EÐA LOFTRÆSTINGU?
- ERTU TIL Í AÐ STARFA Í SKEMMTILEGU HÖNNUNARTEYMI ?
- ERTU MEÐ GÓÐA SKIPULAGSHÆFILEIKA ?
- ERTU TIL Í AÐ TAKAST Á VIÐ STÓR OG KREFJANDI VERKEFNI ?



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2007

ISO 9001
ISO 14001

ÍSLENSKU GÆÐAVERÐLAUNIN • 2006

Ef svarið er já, hafðu þá samband !

Frekari upplýsingar gefa Ásta Björk Sveinsdóttir starfsmannastjóri, sími: 585-1505, asta@lh.is og Arinbjörn Friðriksson, sími: 585-1564, arinbjorn@lh.is.

Umsækjendur geta einnig sótt um á heimasíðu okkar: **www.lh.is**

Línuhönnun hf. er framsækin verkfræðistofa sem leggur metnað sinn í fagmennsku, vönduð vinnubrögð og léttan og skemmtilegan starfsanda. **Þekking starfsmanna og hæfni þeirra er mikilvægasta auðlind fyrirtækisins**. Línuhönnun hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir starfsemi sína og þjónustu. Kjörorð Línuhönnunar og loforð til viðskiptavina er:

....á vit góðra verka....

Línuhönnun verkfræðistofa

**Suðurlandsbraut 4A**
**108 Reykjavík**
**www.lh.is**

**Sími: 585 1500**
**Fax: 585 1501**
**lh@lh.is**

# Sölumaður

**Hefur þú áhuga á útstillingum og hönnun fallegra verslana?**
Leitum að metnaðarfullum árangursdrifnum starfsmanni til að selja lausnir inn í verslanir svo sem hillur, borð, hengi, gínur og alls konar lausnir til að gera góðar verslanir enn betri.

Þeir kostir sem við leitum helst eftir eru:
- Þjónustuvilji
- Ögguð og nákvæm vinnubrögð
- Stundvísi og reglusemi
- Þekking á Navision kostur
- Tungumálakunnátta kostur
- Reykleysi

Í boði er áhugavert starf og góð launakjör.
Allar nánari upplýsingar veitir Jón Bjarni í síma 511 1100. Umsóknir með sem ítarlegustum upplýsingum sendist á netfangið jbg@rymi.is

# Starfskraftur óskast

**Ört vaxandi verktakafyrirtæki óskar að ráða starfskraft til að hafa umsjón með bókhaldi, gjaldkerastörfum og öðrum almennum skrifstofustörfum.**
Mjög æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af DK-hugbúnaði. Krafa er gerð um menntun eða haldgóða reynslu er nýtist í starfi.
Við leitum að stundvísum, nákvæmum og starfsömum s tarfskrafti með góða íslensku- og enskukunnáttu.

Umsóknir ásamt ferilskrá umsækjanda óskast sendar á box@frettabladid eða augl.deild Fr.bl. merkt: fyrir 28. ágúst. Öllum umsækjendum mun verða svarað.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Forstöðumaður heimilis fyrir heimilislausa

**Velferðarsvið Reykjavíkur auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns heimilis fyrir heimilislausa.** Um er að ræða heimili fyrir átta heimilislausa karlmenn.

**Helstu verkefni:**
Faglег og fjárhagsleg ábyrgð á starfsemi og rekstri heimilisins.

**Menntun og hæfni:**
Háskólamenntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda
Reynsla af starfi með einstaklingum sem eiga við margháttaða félagslega erfiðleika að stríða með sérstakri áherslu á fíknivanda æskileg.
Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu og reynslu af störfum í félagslegri þjónustu.
Jákvætt viðmót, samstarfs- og skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Skriflegar umsóknir berist Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Tryggvagötu 17, merktar "Heimili fyrir heimilislausa" fyrir 2. september nk.

Nánari upplýsingar veitir Ellý A. Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri í síma 411 9000 eða á netfanginu: elly.alda.thorsteinsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



# Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra

**Ríkisskattstjóri leitar að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi til starfa við afgreiðslu viðskiptavina í fyrirtækjaskrá. Starfið felst meðal annars í móttöku og yfirferð gagna, úrvinnslu og skráningu, reikningagerð og símsvörun.**

Starfið krefst lipurðar í samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og frumkvæðis. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegum störfum, reynslu af vinnu við tölvur og hafi lokið stúdentsprófi. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við SFR. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir er hafi að geyma ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað er máli skiptir, sendist til ríkisskattstjóra á tölvupóstfangið umsoknir@rsk.is eða með bréfi til RSK, Laugavegi 166, 150 Reykjavík, merkt starfsmannastjóra, eigi síðar en 10. september 2007.

***Upplýsingar um starfið gefur Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri RSK í síma 563 1202. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.***

Upplýsingar um embættið má finna á vefsíðu þess www.rsk.is.

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

jsó Járnsmiðja Óðins ehf.



jsó Járnsmiðja Óðins ehf.

# Járnsmiður/málmiðnaðarmaður.

## Fyrirtækið Járnsmiðja Óðins ehf.

**Leitar að** járnsmiðum eða einstaklingum með svipaða starfsreynslu til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Starfið** felst í fjölbreyttri nýsmíði og uppsetningum. Sjá heimasíðu fyrirtækisins www.jso.is.

**Áhersla** er lögð á frumkvæði, áreiðanleika,létta lund og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni. Haldbær reynsla af sambærilegu er kostur. Allur tækjabúnaður er góður og nýlegur. Reyklaus vinnustaður. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 557-9300.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

## Atferlisþjálfar í leikskóla

**Lausar eru stöður atferlisþjálfa**

Um er að ræða krefjandi og spennandi störf sem fela í sér að annast þjálfun barns með einhverfu. Starfsmenn fá markvissa leiðsögn við að beita aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar. Unnið er í nánu samstarfi við foreldra barnsins, atferlisráðgjafa og annað starfsfólk leikskólans.

**Lausar stöður í eftirfarandi leikskólum:**
Álftaborg, Safamýri 32, sími 581-2488
Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# KÓPAVOGSBÆR

## Þjónustufulltrúi

- **Kópavogsbær auglýsir laust til umsóknar nýtt starf þjónustufulltrúa á þjónustuborði bæjarins.** Þjónustufulltrúi þarf að hafa ríka þjónustulund, hafa góða almenna tölvukunnáttu, tala gott íslenskt mál, hafa góða skipulagshæfileika og þá menntun og reynslu sem best kemur að notum í starfi hans.

**Starfssvið:**
- Verkstjórn þjónustuborðsins
- Samskipti, upplýsingagjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Símavarsla
- Uppfærsla þjónustuhandbókar
- Almenn skrifstofustörf
- Önnur verkefni sem tengjast afgreiðslu og móttöku

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Geta til að vinna undir álagi
- Reynsla af skrifstofu- og þjónustustörfum
- Almenn tölvufærni
- Háskólamenntun kostur

Um 100% starfshlutfall er að ræða. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfið hentar körlum jafnt sem konum. Umsóknum skal skilað eigi síðar en 1. september n.k. á bæjarskrifstofu Kópavogs, Fannborg 2, 4.hæð.

Frekari upplýsingar veitir
Páll Magnússon bæjarritari
í síma 570 1500.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

# Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

## Meiraprófsbílstjóri í Reykjanesbæ og Akranesi

Olíudreifing ehf. Óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í framtíðarvinnu.
Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar og tanka.

Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi.

Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi og stundvísi. Störfin standa báðum kynjum til boða.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Egonsson í síma 5509937 eða helgim@odr.is

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 hf. og Olíuverzlun Íslands hf.
Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is

ÍT ferðir
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

## Framsækin ferðaskrifstofa óskar eftir að ráða tvo starfsmenn

**Starfsvið:**
1. Sala og skipulag utanlandsferða
2. Bókhald + úrvinnsla og utanumhald ferða

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Góð, almenn menntun og góð tölvukunnátta
Góð enskukunnátta og gjarnan annað erlent tungumál
Góð þekking á ferðamálum æskileg
Heiðarleiki, jákvæðni, þjónustulipurð og samviskusemi
Heilbrigð skynsemi og hæfni í mannlegum samskiptum
Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.

Mikilvægt er að viðkomandi starfsmenn séu tilbúnir til að ganga í þau störf sem til falla hverju sinni og geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir, merktar "Ferðir og fjör " berist ÍT ferðum, Engjavegi 6, 104 Reykjavík eða með tölvupósti til hoerdur@itferdir.is fyrir föstud. 31. ágúst
100 % trúnaði heitið.

norden
Nordiska ministerrådet
NORRÆNA HÚSIÐ

## Laus staða í Norræna húsinu

### Húsvörður/tækjamaður (100% starf)

Norræna húsið stendur frammi fyrir miklum breytingum og spennandi þróun á næstu árum. Við leitum að ábyrgum, þjónustuliprum og jákvæðum starfsmanni með skýra framtíðarsýn til að taka þátt í þessu ferli.
Húsvörður/tækjamaður ber m.a. ábyrgð á, í samstarfi við yfirhúsvörð:
- tæknilegum rekstri hússins
- að dagskrá hússins geti farið fram á sem bestan hátt
- eftirliti, viðgerðum og viðhaldi hússins
- að taka þátt í tæknilegri þróun hússins
- aðstoð við notkun tækja á ráðstefnum o.þ.h.

Störfin krefjast kunnáttu í íslensku sem og í einu norrænu máli. Ráðningarnar eru samkvæmt fyrirmælum Norrænu ráðherranefndarinnar tímabundnar í fjögur ár, með möguleika á framlengingu í fjögur ár til viðbótar.
Ráðningarskilmálar byggjast á kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga og lúta íslenskum lögum. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Norræna hússins, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík eða í tölvupósti á oli@nordice.is
Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Árnason á oli@nordice.is og í síma 5517030.

Umsóknarfrestur er til 3 september 2007.

## Hjúkrunarfræðingar

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi
Flúðabakki 2 540 Blönduós
Sími 455 4100 - Fax 455 4136
www.hsb.is

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa á sjúkrasviði til að gegna stöðu aðstoðardeildarstjóra. Um er að ræða dag og kvöldvaktir en einnig eru bakvaktir. Starfshlutfall og hvenær starf getur hafist, fer eftir samkomulagi. Laun samkvæmt BHM og stofnanasamningi HSB.

Útvegum húsnæði, leigan er hagstæð og aðstoðum við flutning. Verið velkomin í heimsókn á stofnunina.

Umsóknir með upplýsingum um náms og starfsferil skulu berist til Sveinfríðar Sigurpálsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar sem veitir upplýsingar um starfið í síma 455 4128 og 891 9004. Netfang: sveinfr@hsb.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. september. Umsóknareyðublað er á heimasíðu stofnunarinnar. Öllum umsóknum verður svarað.

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, sjúkrasvið, skiptist í bráða-, og öldrunarhjúkrun, auk dvalardeildar aldraðra. Heilsugæslusvið, veitir almenna heilsugæsluþjónustu og þjónar ásamt sjúkrasviði, aðallega íbúum í A-Húnavatnssýslu.

Sjá nánari upplýsingar á www.hsb.is

## KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF
### Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

***Leikskólakennarar!
Kynnið ykkur nýjar samþykktir Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í kjarasamningum Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga***

**Arnarsmári: 564 5380**
• Leikskólakennarar
• Aðstoð í eldhús 75%
**Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 1600**
• Deildarstjórar
• Leikskólakennarar
**Dalur: 554 5740**
• Leikskólakennari
• Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi
**Efstihjalli: 554 6150**
• Leikskólakennarar
• Leiksk.sérk/leikskólak/þroskaþj.
**Fífusalir: 570 4200**
• Sérkennari/þroskaþjálfi
• Leikskólakennarar
• Deildarstjóri
• Aðstoð í eldhús
**Kópahvoll: 554 0120**
• Leikskólakennari 100%
**Kópasteinn: 564 1565**
• Leikskólakennari 100% sem fyrst
**Marbakki: 564 1112**
• Leikskólakennari
• Leiksk.kenn/leiðbeinandi hlutast. e. hád.
**Núpur: 554 7020**
• Leikskólakennarar
• Starfsmaður í sérkennslu
**Rjúpnahæð: 570 4240**
• Leikskólakennarar
**Smárahvammur: 564 4300**
• Leikskólakennarar
• Sérkennsla – starfsmaður í stuðning
**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
• Leikskólakennarar
• Fagstjórn í listum
• Starfsmaður í sérkennslu/þroskaþjálfi
• Aðstoð í eldhús 80-100%

***Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is***





## UPPLÝSINGATÆKNISVIÐ GLITNIS

*Glitnir er framsækið fjármálafyrirtæki með starfsstöðvar í 11 löndum. Stjórnendur Glitnis eru sannfærðir um að fjárfesting í starfsfólki sé lykillinn að velgengni bankans. Glitnir er krefjandi vinnustaður þar sem samvinna er lykillinn að árangri.*

*Starfsfólk Glitnis er hvatt til að sýna frumkvæði, axla ábyrgð, tileinka sér nýjungar, koma með hugmyndir og sýna það besta sem í því býr.*

*Hlutverk Upplýsingatæknisviðs Glitnis er að tryggja bankanum lausnir sem styðja að því að viðskiptaleg markmið náist. Hugbúnaðarlausnir eru ein af þremur deildum á Upplýsingatæknisviði Glitnis. Hjá okkur gefst þér einstakt tækifæri til að starfa í samhentum hópi hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.*

**Vegna aukinna verkefna leitum við að kraftmiklum sérfræðingum sem vilja slást í hópinn.**

**Helstu verkefni:**
- Samþætting kerfa (Systems Integration)
- Verðbréf og miðlun
- Þróun þjónustu- og afgreiðslukerfa
- Þróun Netbankalausna
- Þróun lánakerfa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar og markviss vinnubrögð
- Haldgóð reynsla af hugbúnaðargerð eða innleiðingu hugbúnaðarlausna æskileg

Umsóknir óskast fylltar út á www.glitnir.is og sendar ásamt ítarlegri ferilsskrá.

Nánari upplýsingar veita Arnþór Ingi Hinriksson, arnthor.hinriksson@glitnir.is, sími 844 4373, Ragnar Svanur Vilhjálmsson, ragnar.vilhjalmsson@glitnir.is, sími 844 4338, og Arndís Inga Sverrisdóttir, arndis.sverrisdottir@glitnir.is, sími 844 4226.

Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sigrun.olafs@glitnir.is, sími 440 4172. Umsóknarfrestur er til 7. september nk.

GLITNIR

F-PROT Antivirus

# Tæknilegur Þjónustufulltrúi

Við leitum að áhugasömum og drífandi starfskrafti til að sinna notendaþjónustu við viðskiptavini **Friðriks Skúlasonar ehf.** (FRISK Software) um allan heim.

Starfið er margþætt en helst felur það í sér að aðstoða viðskiptavini gegnum síma og tölvupóst ásamt því að taka þátt í umsjón með spjallborðum okkar á netinu.

**Hæfniskröfur:**
- Mjög góð enskukunnátta skilyrði, jafnt í rituðu sem töluðu máli.
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg.

Krefjandi starf í skapandi umhverfi

Umsóknir ásamt starfsferilsskrám sendist á: jobs@frisk.is
Umsóknarfrestur er til 10. september 2007.

Friðrik Skúlason ehf. (FRISK Software) er alþjóðlegt öryggis- og þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði veiruvarna. Fyrirtækið framleiðir m.a. F-PROT Antivirus (Lykla-Pétur) og er í samstarfi við fyrirtæki um allan heim. Fyrirtækið starfar að mestu leyti á erlendum mörkuðum og er í dag eitt af fremstu veiruvarnar-fyrirtækjum heims. Hjá fyrirtækinu starfa um fjórtíu manns.

FRISK — FRIÐRIK Skúlason ehf

Þverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • www.frisk.is

F-PROT Antivirus

# Tölvuveirubani

**Friðrik Skúlason ehf.** leitar að áhugasömum starfskrafti til að vinna við tölvuveirurannsóknir. Viðkomandi einstaklingur mun starfa í veirurannsóknadeild fyrirtækisins, sem sér um að greina og búa til "bóluefni" fyrir tölvuveirur og annan óæskilegan og óvelkominn hugbúnað.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af forritun mikilvæg. Reynsla af skriftumálum og/eða smalamáli (assembly) er kostur en ekki skilyrði.
- Háskólamenntun æskileg, þá einkum með grunn í stærðfræði og/eða tölvunarfræði.
- Góð enskukunnátta skilyrði, jafnt í rituðu sem töluðu máli þar sem unnið er í fjölþjóðlegu starfsumhverfi.

Krefjandi starf í skapandi umhverfi

Umsóknir ásamt starfsferilsskrám sendist á: jobs@frisk.is
Umsóknarfrestur er til 10. september 2007.

Friðrik Skúlason ehf. (FRISK Software) er alþjóðlegt öryggis- og þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði veiruvarna. Fyrirtækið framleiðir m.a. F-PROT Antivirus (Lykla-Pétur) og er í samstarfi við fyrirtæki um allan heim. Fyrirtækið starfar að mestu leyti á erlendum mörkuðum og er í dag eitt af fremstu veiruvarnar-fyrirtækjum heims. Hjá fyrirtækinu starfa um fjórtíu manns.

FRISK — FRIÐRIK Skúlason ehf

Þverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • www.frisk.is

F-PROT Antivirus

# Linux forritari (server side applications)

**Friðrik Skúlason ehf.** leitar að forritara til að sem er vanur Linux/UNIX umhverfi. Viðkomandi mun starfa innan teymis UNIX forritara við þróun og viðhald veiruvarnarhugbúnaðarins F-Prot Antivirus for UNIX. Hugbúnaðurinn inniheldur veiruskanna og ýmis önnur tól til uppfærslu og tengingu við póstþjóna (m.a. Sendmail, Postfix og Qmail).

**Hæfniskröfur:**
- Haldgóð reynsla af forritun fyrir Linux/UNIX eða háskólapróf í tölvunarfræði/verkfræði.
- Kunnátta á C forritun fyrir Linux og önnur UNIX kerfi ásamt Perl.
- Þekking á Python, Apache vefþjóninum og SQL er kostur.
- Góð enskukunnátta ásamt jákvæðni, samviskusemi og færni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Krefjandi starf í skapandi umhverfi

Umsóknir ásamt starfsferilsskrám sendist á: jobs@frisk.is
Umsóknarfrestur er til 10. september 2007.

Friðrik Skúlason ehf. (FRISK Software) er alþjóðlegt öryggis- og þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði veiruvarna. Fyrirtækið framleiðir m.a. F-PROT Antivirus (Lykla-Pétur) og er í samstarfi við fyrirtæki um allan heim. Fyrirtækið starfar að mestu leyti á erlendum mörkuðum og er í dag eitt af fremstu veiruvarnar-fyrirtækjum heims. Hjá fyrirtækinu starfa um fjórtíu manns.

FRISK — FRIÐRIK Skúlason ehf

Þverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • www.frisk.is

# Verslunarstjóri Serrano í Kringlunni

## Serrano leitar verslunarstjóra á veitingastað Serrano í Kringlunni

### Starfssvið Verslunarstjóra
- Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum
- Uppgjör
- Afgreiðslustörf
- Umsjón með vöktum
- Pantanir og birgðahald

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Reynsla af störfum í verslun eða á veitingastöðum
- Viðkomandi verður að vera mjög þjónustulundaður
- Viðkomandi verður að vera sterkur í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af rekstri mikill kostur.

**Vinsamlegast sendið umsóknir á einar@serrano.is. Allar nánari upplýsingar veitir Einar Örn í síma 896-9577 eða á einar@serrano.is**

serrano

**Serrano er ungt íslenskt fyrirtæki sem samanstendur af tveimur veitingastöðum í dag. Þriðji staðurinn mun opna í október og stendur til að fjölga þeim enn frekar á næstunni. Fyrirtækið er búið að vera í miklum vexti undanfarið og framundan eru virkilega spennandi tímar.**

RAFVIRKNI

# Teiknari

Óskum eftir tækniteiknara eða vönum teiknara í hlutastarf eða fullt starf

**Í starfinu felst**
- Teikning raflagna
- Efnistaka
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla og þekking á autocad
- Nákvæmni og samviskusemi
- Sveigjanleiki
- Jákvæðni
- Metnaður og vilji til að standa sig vel í starfi

Æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

**Okkur vantar einnig rafvirkja og nema.**

Upplýsingar um störfin gefur Hugrún í síma 898-0500. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á hugrun@rafvirkni.is fyrir 29.ágúst.

Rafvirkni ehf er 25 manna traust rafverktakafyrirtæki með fjölbreytileg verkefni og trausta viðskiptavini. Starfsaðstaðan er í Akralind 9, Kópavogi. Reyklaus vinnustaður.

KÓPAVOGSBÆR

Félagsþjónusta Kópavogs

# Yfirmaður fjölskyldudeildar

- **Kópavogsbær óskar eftir að ráða í stöðu yfirmanns fjölskyldudeildar.**

Fjölskyldudeild er ein af sjö deildum Félagsþjónustu Kópavogs. Næsti yfirmaður er félagsmálastjóri.

Yfirmaður fjölskyldudeildar starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og barnalögum nr. 76/2003.

Yfirmaður fjölskyldudeildar ber faglega, stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á verkefnum fjölskyldudeildar, sem lúta að barnaverndarmálum og félagslegri þjónustu. Hann gerir starfs- og fjárhagsáætlanir fyrir þá málaflokka, sem undir hann heyra og undirbýr ráðningu nýrra starfsmanna.

Yfirmaður fjölskyldudeildar hefur yfirumsjón með innra starfi deildarinnar, þ.m.t. ráðgjöf til starfsmanna, ráðningum stuðningsaðila í barnaverndarmálum, umsýslu barnaverndarúrræða og eftirfylgd ákvarðana félagsmálaráðs. Hann hefur auk þess yfirumsjón með tölfræðilegum upplýsingum deildarinnar og annast ýmis konar skýrslugerð.

Yfirmaður fjölskyldudeildar situr fundi félagsmálaráðs í tilheyrandi málaflokkum og kemur einnig að úthlutun á félagslegu húsnæði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- **Félagsráðgjöf eða sambærileg háskólamenntun**
- **Reynsla af barnaverndarstarfi æskileg**
- **Reynsla af stjórnun og/eða verkefnisstjórnun æskileg**
- **Góð tölvukunnátta og færni í rituðu máli**
- **Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt**
- **Góðir samskiptahæfileikar**

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri, eða Rannveig María Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri, í síma 570-1400. Umsóknir sendist ásamt fylgigögnum til Félagsþjónustunnar, Fannborg 4, 200 Kópavogi, fyrir 19. september n.k.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

## Félagsþjónustan í Hafnarfirði

### Laus störf við heimaþjónustu

Starfsfólk óskast nú þegar í störf við félagslega heimaþjónustu hjá Hafnarfjarðarbæ .

Í boði er sveigjanlegur starfstími og starfshlutföll eru samkomulagsatriði. Starfið gerir kröfu um áhuga, frumkvæði og jákvætt viðmót. Reynsla í starfi með öldruðum eða fötluðum æskileg.
Félagsleg heimaþjónusta er veitt á hefðbundnum vinnutíma.
Laun fara eftir kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Verkalýðsfélagsins Hlífar.

Upplýsingar um störfin vei tir Kolbrún Oddbergsdóttir, deildarstjóri heimaþjónustudeildar og Eva Lind Vestmann, félagsráðgjafi í síma 585 5700

**Umsóknum skal skila til:**
Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði
Strandgötu 33
220 Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

---

» Ráðningarþjónusta

## Ert þú í atvinnuleit?

### Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf




» Kannaðu málið á

**www.hhr.is**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

## LJÓSAVERSLUN

### ÓSKUM AÐ RÁÐA Í EFTIRFARANDI STÖRF

**INNFLUTNINGUR-PANTANIR**
Traustan starfsmann í pantanir, innflutning, tollskýrslugerð, verðútreikninga o.fl.

**AFGREIÐSLUSTARF**
Traustan starfsmann til almennra verslunarstarfa.

**LAGERSTARF**
Lagerstarfsmann til almennra lagerstarfa.

**Umsóknir, með upplýsingum um aldur og fyrri störf berist til auglýsingadeildar Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt Ljósaverslun 7898 fyrir 30. ágúst.**

zetor

**Rafkaup**
Ármúla 24

---

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR

## Móttökuritari

Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu embættisins. Um er að ræða fullt starf við almenna afgreiðslu, upplýsingagjöf og símavörslu í móttöku dómstólsins. Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og að auki þarf viðkomandi að vera áreiðanlegur, þjónustulundaður, vandvirkur og hafa nokkuð góð tök á ensku. Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra. Umsóknarfrestur er til **10. september nk**. en viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. október nk.

Umsóknir skal senda Ólöfu Finnsdóttur, skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík, en hún veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið í síma 5604900. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða og mögulegt er að senda umsóknir með tölvupósti á netfangið oloff@tmd.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Reykjavík, 24. ágúst 2007.

Helgi I. Jónsson
dómstjóri
Héraðsdómi Reykjavíkur
www.domstolar.is
heradsdomur.reykjavikur@tmd.is

---



Augl. Þorh. 2200.382

## Grunnskóli Seltjarnarness

*Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli*

## Laus eru til umsóknar eftirfarandi störf

***Skólaskjól*** Starfsfólk óskast til almennra starfa og til að vinna með börnum með sérþarfir.

**Upplýsingar/umsókn:**
Rut Bjarna forstöðumaður Skólaskjóls í síma 5959 200 eða 822 9123, rutbj@seltjarnarnes.is

***Náttúrufræði*** Kennsla í náttúrufræði á elsta stigi, 8 kennslustundir á viku.

**Upplýsingar/umsókn:**
Baldur Pálsson, aðstoðarskólastjóri.
baldur@seltjarnarnes.is
Sími 5959 250.

***Sérkennsla*** Starf þroskaþjálfa og stuðningsfulltrúa.

**Upplýsingar/umsókn:**
Edda Óskarsdóttir, deildarstjóri sérkennslu.
eddao@seltjarnarnes.is
Sími 5959 200.

***Skólaliðar*** óskast til starfa m.a. til aðstoðar í mötuneyti.

**Upplýsingar/umsókn:**
Hafsteinn Jónsson, umsjónarmaður fasteigna, sími 822 9120.

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heild-stæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Skólaskjól er lengd viðvera fyrir nemendur í 1. til 4. bekk í Mýrarhúsaskóla.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

**www.grunnskoli.is**

---

## Verkefnisstjóri fjáröflunar

**Rauði kross Íslands**

*Rauði kross Íslands er sjálfboðaliðahreyfing 19 þúsund félagsmanna og 1500 virkra sjálfboðaliða sem starfa í 50 deildum um allt land. Rauði kross Íslands bregst við neyð jafnt innanlands sem utan og veitir aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagið stendur vörð um mannréttindi, heilbrigði og virðingu einstaklinga.*

*Nánari upplýsingar um Rauða krossinn er að finna á heimasíðu félagsins:*
www.redcross.is

### Rauði kross Íslands óskar eftir að ráða verkefnisstjóra fjáröflunar á landsskrifstofu félagsins í Reykjavík.

**Starfssvið**
- Fjáröflun og sala.
- Fyrirtækjasamstarf.
- Samskipti, þjónusta og ráðgjöf við deildir félagsins.
- Þátttaka í mótun hugmynda.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla og/eða menntun á sviði sölu og fjáröflunar.
- Hugmyndaauðgi og frumkvæði.
- Samstarfshæfni.

**Í boði er** spennandi framtíðarstarf fyrir drífandi aðila sem vill vinna að fjölbreyttum verkefnum hjá félagasamtökum.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Hagvangs **www.hagvangur.is** fyrir 3. september nk.
Númer starfs er **6970**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal.
Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Heimir og Þorgeir

## Vélamenn og búkollubílstjóra

Vegna aukinna verkefna óskar Heimir og Þorgeir ehf. eftir að ráða vélamenn og búkollubílstjóra. **Upplýsingar veitir Geir Sæmundsson í síma 696-9936 og geir@hogth.is.** Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.hogth.is

Heimir og Þorgeir er ört vaxandi félag sem býður góða aðstöðu fyrir starfsmenn.

**Heimir og Þorgeir ehf.**
**Dugguvogi 2, 104 Reykjavík sími. 414-9700**

## Rafsól óskar eftir RAFVIRKJA

**Góð laun og hlunnindi fyrir réttan mann!**

Við leitum að vönum rafvirkja til framtíðarstarfa.

Fjölbreytt og skemmtilegt starf.

Í boði eru góð laun og hlunnindi fyrir réttan mann.

**Upplýsingar veittar hjá Rafsól Skipholti 33, eða í síma 553 5600.**

RAFSÓL

Skipholti 33 • 105 Reykjavík • Sími 553 5600
www.rafsol.is • rafsol@rafsol.is

Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins með víðtæka starfsemi víðsvegar um Evrópu. Samherji hf hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum verksmiðjum í landi.

Upplýsingar um starfið gefur Sigurður Ólafur Þorvarðarson skipstjóri Sími 854-5675 og 660-8445

SAMHERJI hf

## Vélavörður

Samherji hf óskar eftir vélaverði, á Þorvarð Lárusson SH-129.

**Menntun og hæfniskröfur**

• Lágmarksréttindi VV

## KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Bæjarskrifstofa Kópavogs:**
- Þjónustufulltrúi

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Yfirmaður þjónustudeildar
- Félagsráðgjafar
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

**Félagsmiðstöðvar ÍTK:**
- Starfsmenn við Kraftverk 30-50%

**Sundlaug Kópavogs:**
- Afgreiðsla/baðv/laugarvarsla karla
- Afgreiðsla/baðv/laugarvarsla kvenna

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:**

**Digranesskóli:**
- Skólaliði 100%

**Hjallaskóli:**
- Kennari í leikrænni tjáningu
- Umsjónarkennari á miðstig
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stundakennari í albönsku
- Stuðningsfulltrúi 60%

**Hörðuvallaskóli:**
- Umsjónarkennarí á yngsta stig
- Stuðningsfulltrúi
- Starfsmenn í Dægradvöl 50%

**Kársnesskóli:**
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi í Dægradvöl 50% e.hád.

**Kópavogsskóli:**
- Störf við ræstingar (75%)

**Íþróttahús Kópavogsskóla:**
- Baðvarsla kvenna 80%

**Lindaskóli:**
- Umsjónarkennari í 1. bekk v/forfalla
- Heimilisfræðikennari 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl

**Salaskóli:**
- Starfsfólk í Dægradvöl, hlutastarf

**Smáraskóli:**
- Dönskukennari í 8.-10. bekk
- Heimilisfræðikennari
- Stuðningsfulltrúar
- Skólaliðar

**Snælandsskóli:**
- Dægradvöl 50%

**Vatnsendaskóli:**
- Skólaliði 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50% e. hád.
- Matráður 60%

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***

ÍSLENSKT SJÁVARFANG

## Starfsfólk í snyrtingu

Íslenskt sjávarfang óskar eftir að ráða vant starfsfólk í snyrtingu í fiskvinnslu félagsins að Bakkabraut 2 í Kópavogi. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veittar í síma 567 7040.

Íslenskt sjávarfang framleiðir ferskar og frystar sjávarafurðir til sölu á innanlandsmarkaði. Fyrirtækið leggur áherslu á góðan vinnuanda og sækist eftir starfsfólki sem vill vinna í því umhverfi.



## Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafvirkjun, eða rafvélavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 31 þriðjudaginn 28. ágúst kl. 18.

"Ertu í stuði?" er tilraunaverkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafis.is/fsr eða í síma 580 5252**

## Stækkun á kjúklingabúi Matfugls ehf. á Melavöllum, Kjalarnesi

**Kynning á tillögu að matsáætlun.**

Til að mæta vaxandi eftirspurn fyrir kjúklingakjöti hyggst Matfugl ehf. stækka kjúklingabú sitt á Melavöllum, Kjalarnesi. Stækkunin er matsskyld skv. tölulið 19i í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Vinna við undirbúning mats á umhverfisáhrifum er hafin hjá verkfræðistofunni Línuhönnun hf. og er tillaga að matsáætlun nú til kynningar á vef Línuhönnunar www.lh.is. Eintak af tillögu að matsáætlun mun jafnframt liggja frammi á skrifstofu Matfugls ehf. að Völuteig 2, Mosfellsbæ og á skrifstofu Línuhönnunar að Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík.

Hægt er að koma ábendingum og athugasemdum við tillögu að matsáætlun til verkfræðistofunnar Línuhönnunar á netfangið umhverfismat@lh.is fyrir 9. September 2007

Matfugl

Línuhönnun er gæðavottað fyrirtæki skv.ISO 9001:2000 staðlinum og er umhverfisvottað skv.ISO 14001.

Línuhönnun verkfræðistofa
Suðurlandsbraut 4A | 108 Reykjavík
Sími: 585 1500 | fax: 585 1501 | www.lh.is | lh@lh.is

# Skrifstofuhúsnæði óskast til leigu

Norðurál óskar að taka á leigu 120 til 160 fermetra skrifstofuhúsnæði í Reykjavík eða Kópavogi.

Einungis vandað húsnæði með snyrtilegri aðkomu og umhverfi kemur til greina.

*Upplýsingar sendist Ágústi Hafberg á netfangið agust@nordural.is. Hann veitir jafnframt frekari upplýsingar í síma 696 9508.*

NORÐURÁL Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

## Knattspyrnuþjálfarar óskast!

Unglingaráð Knattspyrnudeildar Þróttar Rvk. óskar eftir áhugasömum knattspyrnuþjálfurum til starfa við yngri flokka félagsins.
Gert er ráð fyrir að umsækjendur geti hafið störf haustið 2007.
Við leitum að metnaðarfullum þjálfurum til að taka þátt í skemmtilegu uppbyggingarstarfi félagsins á besta stað í höfuðborginni, sjálfum Laugardalnum.
Umsóknir berist fyrir fimmtudaginn 30. ágúst.

Allar nánari upplýsingar veitir Eysteinn Pétur Lárusson Yfirþjálfari Knd. Þróttar - eysteinnp@simnet.is

## DV LEITAR AÐ SÖLUMANNI Í AUGLÝSINGASÖLU

DV hefur verið í mikilli sókn undanfarna mánuði og nú vantar fleiri sölumenn auglýsinga.
Við leitum að kröftugum og duglegum einstaklingi.

Góð laun eru í boði fyrir réttan aðila.

**Æskilegir eiginleikar:**
- Vilji til að ná árangri og verða góður sölumaður
- Heiðarleiki og stundvísi

**Nánari upplýsingar** fást hjá **Ingu Huld Hermóðsdóttur** starfsmannastjóra í síma **515 5500** eða í tölvupósti **ingahuld@birtingur.is**

DV

